

# P Ú L S I N N



SKÓLABLAÐ  
GRUNDASKÓLA  
1. tbl. - 11. árg.  
Júní 2005

## Vertu með í Sumarlaunaplús

Það mælgættar sig að leggja sumarlaunin inn á Vaxtalinureikning í sumar því þú færð Bíókort frá okkur í Sumarlaunaplús.

### Bíókortið færir þér

2 frímiða í Sambíóin (Reykjavík, Akureyri og Keflavík) eða Selfossbíó og frábær tilboð frá Bónusvídeó og Dominos



Tilboðingjda frá 1. júní til 31. ágúst 2005



## Hvers vegna er Fjölbrautaskóli Vesturlands

*góður kostur fyrir alla sem ljúka 10. bekk?*

### Vegna þess að . . .

- Fjölbrautaskóli Vesturlands er góður skóli.
- Þar er fjölbreytt námsframboð.
- Þar eru góðir kennarar og gott starfsfólk.
- Skólinn er passlega stór.
- Þar er frábært félagslíf.
- Í skólanum er góður andi og persónulegur.

Aðstoð við rafræna innritun verður veitt 13. og 14. júní. Hægt er að panta viðtalstíma hjá námsráðgjöfum til 14. júní. Hafið samband við skrifstofu í síma 433 2500.

### Innritun lýkur 14. júní.

Við bjóðum ykkur velcomin í skólann ykkar.

Fjölbrautaskóli Vesturlands

[www.fva.is](http://www.fva.is)



## SAFNASVÆÐIÐ Á AKRANESI

Sími 431 5566 - Fax 431 5567 - Vefang: [www.museum.is](http://www.museum.is)  
Netfang: [museum@museum.is](mailto:museum@museum.is)

### OPNUNARTÍMI:

**15. maí - 14. sept.**  
10-17 alla daga  
**15. sept. - 14. maí**  
13-17 alla daga



Guðbjartur Hannesson, skólastjóri:

# Samkeppnishæfir skólar

Á gætu lesendur. Skólamál eru ofarlega á baugi í samfélaginu og ljóst að skólastarf snertir flest öll heimili í landinu með einhverjum hætti. Umræðan snýst gjarnan um árangur starfsins og þá einkum árangur einstakra skóla á samræmdum prófum eða árangur landsins í alþjóðlegum könnunum en einnig um uppeldi, hegðun og agamál. Oft er fullyrt að íslenskir skólar standi sig ekki í samkeppni við erlenda skóla og að skólastarfi fari jafnvel hrakandi. Ávallt heyrast raddir um að íslenskir skólar séu

hverjir öðrum líkir, samkeppni vanti og að gefa þurfi foreldrum kost á að velja á milli skóla til að auka fjölbreytni og gæði. Sumir ganga svo langt að tala um íslenskt skólastarf sem móðsudu eða sama graut í sömu skál. Mælikvarðar og viðmið eru þó oftar en ekki óljós. Hafandi kynnst skólum á Norðurlöndum og Bretlandi og kíkt inn í skóla í Bandaríkjunum þá leyfi ég mér að fullyrða að íslenskir grunnskólar standa þeim erlendu fyllilega á sporði.

## Ekki skóla hinna ríku

Skólar í Bretlandi og Bandaríkjunum eru flestir reknir af hinu opinbera eins og hér, en hverfaskipting eftir efnahag og val á skólum gerir það að hinir efnuðu hópast saman í hverfi og skóla og þeir sem minna hafa milli handanna



sitja eftir. Þannig skapast gjarnan verulegur mismunur á milli skóla. Hér á landi er sem betur fer ekki slík sundurgreining og það er andstætt almennum viðhorfum hér að flokka grunnskólabörn í skóla eftir efnahag foreldra. Samleitur hópur nemenda, lítill mismunur á milli skóla hvað varðar inntöku nemenda hefur verið mistúlkaður sem einsleitni í íslensku skólastarfi.

Ég sagði að íslenskir skólar stæðust fyllilega samanburð við bestu skóla erlendis. Þetta varðar bæði árangur, aðbúnað og hegðun og samskipti innan skólans. Raunar hef ég ítrekað haldið því fram að skólar hafi batnað á síðustu áratugum og að við eigum betri og mannvænlegri nemendur í dag en á árum áður.

## PÚLSINN

### Skólablað

Grundaskóla, Akranesi

**Ábm.:**

Guðbjartur Hannesson

**Umsjón með útgáfu:**

Laufey Karlsdóttir

**Prentvinnsla:**

Prentverk Akraness hf.



Heimsíða Grundaskóla:

[www.grundaskoli.is](http://www.grundaskoli.is)

Netfang Grundaskóla:

[grundaskoli@grundaskoli.is](mailto:grundaskoli@grundaskoli.is)



## Öfluga heimaskóla

Eigin reynsla segir mér að metnaður og kröfur hafa aukist og árangur nemenda einnig. Það er mikilvægt að fólk fái sem bestar upplýsingar um skólastarf á hverjum tíma og við í skólunum þurfum að upplýsa foreldra betur um árangur og gengi í daglegu skólastarfi. Jafnframt er sanngjarn að foreldrar geti valið á milli skóla fyrir börn sín, þar sem því verður við komið, ef þeir telja það bæta hag barna sinna. Fyrir mestu er þó að foreldrar, nemendur og skólafólk taki höndum saman og geri skólastarfið sem öflugast, stöðji sinn heimaskóla, geri kröfur, fylgist með og bæti starfið í eigin skóla.

## Fjölbreytt skólastarf

Gagnstætt því sem oft er sagt þá hefur hver grunnskóli sín sér-



kenni og sína styrkleika. Heimsóknir fjölmargra skólamanna hingað í Grundaskóla til að sjá hvað við erum að gera og til að læra af okkur sannfærir okkur um að við höfum margt upp á bjóða, sem aðrir geta nýtt sér. Hér má nefna áralanga hefð fyrir vali í öllum árgöngum skólans, öfluga byrjendakennslu og tengsl milli leik- og grunnskóla, kennsluhætti á unglingastigi, þar sem lögð er mikil áhersla á tengsl starfsmanna við nemendur, myndvinnslu og myndbandagerð, öfluga tónlistarkennslu á unglingastigi, söguaðferðina á miðstigi og jafnframt má nefna fjölda þróunarverkefna, nú síðast um foreldrafraeðslu, umferðarmál og skyndihjálp auk námsmats. Allt skapar þetta okkur nokkra sérstöðu. Um leið vitum við að langflestir grunnskólar hafa sín sérkenni og sérstöku viðfangsefni og kennsluáferðir, sem við getum einnig lært af. Þrátt fyrir stíframma ráðuneytis



menntamála í formi námskráa og stöðluð samræmd próf þá blómstrar fjölbreytni í íslenskum skólum og sjálfstæðir dugmiklir einstaklingar vaxa úr grasi við bestu aðstæður hjá öflugum kennurum.

Við eigum að vera stolt af okkar skóla, gera kröfur um sífellt betri árangur, þar sem lögð er áhersla á skólann sem hluta af samfélaginu. Þannig á skólasamfélag Grundaskóla, foreldrar, nemendur og starfsfólk, að tryggja að skólinn verði ávallt í fremstu röð fyrir nýbreytni og gæði.

Kærar þakkir til ritstjóra og allra sem komu að útgáfu Púlsins og þakkir til frábærs hóps starfsfólks og nemenda sem gera skólastarfið hér í Grundaskóla svo fjölbreytt og skemmtilegt.

## Frá ritstjórn

Púlsinn 2005 er unninn af ritstjórn, skipuð 10. bekkjum sem buðu sig fram við gerð bladsins. Á haustönn var hefðbundið blaðaútgáfuval en vegna verkfallsins voru tímarnir fáir. Sumt af því efni sem er í blaðinu var ákveðið í blaðaútgáfuvalinu en megnið af efninu var unnið síðustu vikur vorannar.

Vinnan við blaðið hefur verið skemmtileg en mikil og við hana bættist undirbúningur fyrir samræmd próf þannig að við höfum nýtt allar 24 klukkustundirnar í sólarhringnum til fulls. En allt gekk upp og blaðið varð til vegna góðrar samvinnu allra í Grundaskóla. Vonum við að þið hafið eins gaman af að lesa blaðið og við að búa það til. Góða skemmtun!





# Sjávarútvegsþema 9. bekkja

Ívetur hefur 9. bekkur verið í svokölluðu Sjávarútvegsþema, sem hefur verið hefð í all mörg ár hjá Grundaskóla. Við sem erum í 9. bekk núna fengum að kynna mörgum hliðum sjávarútvegsins og því hvernig sjávarútvegurinn hefur verið á Akranesi. Við byrjuðum á föstudegi og horfðum á myndina Nýtt Líf og sáum hvernig hlutirnir ganga fyrir sig í frystihúsum. Við fórum líka niður í HB Granda og fengum að sjá hvernig fiskurinn er verkaður. Fórum í allar verksmiðjurnar, sáum fullt af körum fullum af hrognum, okkur var sagt hvernig fiskurinn er fluttur, hver sé munurinn á frystitog-

urum og ferskfiskskipum og margt fleira. Þetta var allt myndað og síðan sýnt. Við fengum að sjá miklu „víðari“ mynd á sjávarútveginum við þetta og fræddi þetta okkur mikið.

Í ár lögðum við mikið upp úr sýningunni sjálfri, í staðinn fyrir að hafa þetta bara bóklegt. Auðvitað hengdum við upp fullt af plakötum, fyrir gesti að skoða, með alls konar fróðleik. En skreytingarnefndin stóð sig líka frábærlega og var salurinn glæsilegur. Hugmyndin var sú að manni myndist maður vera nedansjávar og var skreytt samkvæmt því. Það kom alveg



frábærlega út, t.d. var þarna gullkista eins og á hafsbotni, ryðgað hjól og fleira.

Einn hópur fór í það að matreiða hina ýmsu sjávarrétti fyrir gestina og tókst það bara mjög vel og skreytingarnar á borðinu með þessum glæsilegu réttum voru æðislega flottar. Einnig vorum við með leikrit, hljómsveit, söng- og dansatriði og spurningakeppni sem öll tengdist sjávarútveginum. Og svo fóru nokkrir nemendur út á sjó og tóku myndir og sögðu svo frá sjóferðinni á sýningunni. Þetta var frábær vika sem leiðinlegt var að þyrfti að enda.

*Sunna Dís Jensdóttir*



## Lága verðið

## léttir lífið

### VERSLUNIN EINAR ÓLAFSSON

Skagabraut 9-11 - Sími 431 2015 og 431 1015



þær Sigríður Ragnarsdóttir og Laufey Karlsdóttir við.

Sambandið á milli bekkjana tveggja hefur ekki alltaf verið eilífur dans á rósum og höfum við gengið saman í gegnum bæði súrt og sætt.

fara að gera eitthvað saman.

Krakkarnir gátu ekki hugsað sér að gera eitthvað með „hinum bekknum“!

Ýmsir leikir hafa verið stundaðir, en þá er vert að nefna peningaleikinn inni á teppi í hverjum einustu frímínútum á ákveðnu tímabili. Hann gekk út á það að græða sem mest. Notaðir voru

**A**rið 1995 átti sér stað mikilvægur atburður í lífi nýrra nemenda í Grundaskóla. Það var byrjun á 10 ára skólagöngu árgangsins 1989 og vissum við ekki hvað framundan var. En ýmsar skemmtilegar og eftirminnilegar upptökur hafa átt sér stað sem við getum hlegið að um æviskeið.

Í fyrstu var ætíð mikil spenna á milli bekkjana en eftir því sem við fórum að eldast og þroskast breyttist allt til betri vegar. Með tímanum breyttumst við krakkarnir og erum við ekkert nema góðir vinir í dag.

Þrátt fyrir það áttu bekkirnir góðar stundir saman og viljum við lýsa hvernig ganga okkar hér í Grundaskóla hefur verið í grófum dráttum.

Það voru þær Ásta Egilsdóttir og Jóhanna Karlsdóttir sem tóku við okkur með bros á vör og án efa spenntar fyrir nýjum „samstarfsfélögum“.

Voru þær með okkur næstu 4 árin, en þá tók Soffía Sigurjónsdóttir við af Ástu. Jóhanna hélt áfram með sinn bekk þar til að Sigurveig Kristjánsdóttir tók við af henni í 6. bekk.

Soffía og Sigurveig voru svo með okkur þar til að við komum upp í unglingsdeildina, en þá tóku

Það er víst óhætt að segja það að bekkirnir tveir hafa alla tíð verið gjörólíkir. Annar bekkurinn þægur en lúmskur á meðan hinn hefur verið óþekkur og þakkastrikin verið ófá.

Þegar við byrjuðum í skólanum, var hann ekki einsettur eins og í dag, heldur var bekkjunum skipt þannig að annar var fyrir hádegi og hinn eftir. Því var ekki mikið samband á milli bekkjana þannig séð og kannski varð sambandið þess vegna sterkara á neikvæðan hátt.

Það var þó ekki fyrr en í 3. - 4. bekk að mikill rígur varð á milli bekkjana tveggja og var það í 5. - 7. bekk þegar rígurinn breiddist út í neikvæðan mórál þegar átti að



kennsluþingir og selt hvað sem fyrir augu bar. Að sjálfsögðu var alltaf gengið vel frá!

Flöskustútur, appelsínukast, bardagar á hólnum og hafa að sjálfsögðu fjölmörg slys átt sér stað í gegnum árin. Ekkert grafalvarlegt þó.

Í yngri bekkjunum höfðum við svokallaða „töskubera“. En þeir báru alltaf allar leikfímistöskurnar







upp í íþróttahús og þótti okkur aldrei leiðinlegt að hlaða töskum á einn útvaldan nemandu hverju sinni.

Einnig tókum við upp á því að mæta sem skrautlegust klædd til þess að ná sem lengst í Krókódíll krókódíll og að útbúa mótmælendaspjöld og hefja mótmælendagöngu niður í heimilisfræði þegar

vinnubækurnar fyrstur og hver læsi hraðast.

En fyrir utan öll prakkarastrikin og leikina hefur margt annað eftirminnilegt verið gert. Þá er hægt að nefna árshátíðarleikrit og jólaskemmtanir. En það er allra



sameiginlegu ferðalögin sem bekkirnir hafa farið í, svosem í Skorradal, Reykjaskóla, óvissuferðir og fleira sem mætti telja upp.

Núna fyrir stuttu fór 10. bekkur saman í óvissuferð að loknum samræmdum prófum og má segja að hún hafi heppnast stórkostlega. Í fyrstu var farið í river rafting í Hvítá, síðan var ferðinni heitið í sund og svo endað með því að grilla saman í Árnosi.

Við biðum spennt eftir lokaferðinni í Þórsmörk og okkar síðustu dögum í Grundaskóla. En við eigum hiklaust eftir að sakna Grundaskóla!

Við munum kveðja Grundaskóla með jákvæðar minningar og bros á vör. Eigum við eflaust eftir að láta sjá okkur í heimsókn í skólann á næstu árum.

Við viljum þakka starfsfólki skólans fyrir ánægjulegt samstarf. Án ykkar hefðum við ekki verið þau sömu. Þið eruð gullmolar!

Einnig viljum við nota tækifærið og þakka hverju öðru fyrir samfylgdina. Erum stolt af því að hafa eytt þessum 10 mikilvægu árum saman! Því án hvers annars hefði þetta ekki orðið eins skemmtilegt og ljúft!

Fyrir hönd árg. '89  
**Ásgerður og Ragnheiður**



einn hópurinn fékk að baka pítsu. „Jafnrétti og bræðralag er okkar lag“.

Gaman er líka að segja frá því að rafmagníð hefur verið margoft tekið af skólanum, kveikt í tölvu og brotinn veggur. Samin voru fjölmörg ljóð, lært um gamla daga, H.C. Andersen og víkingana. Mikil samkeppni var alltaf í gangi í yngri bekkjunum um að klára

helst þar sem að rígurinn á milli bekkja hefur verið augljós. Sökuðum við hvert annað um að stela hugmyndum og öðru slíku.

Við vildum aldrei vera saman í neinu því okkur þótti „hinn bekkurinn“ svo agalega leiðinlegur.

Í 9. bekk fór þetta að lagast og byrjuðum við að tala betur saman og vera samvinnuþýð. Enda rann það kannski upp fyrir okkur að ekkert annað var í boði og að „hinn bekkurinn“ var í raun ekki svo slæmur eftir allt saman.

En þrátt fyrir þennan stöðuga rígg áttu bekkirnir sér saman skemmtilegar og eftirminnilegar stundir. Viljum við þar nefna öll





# Freyr kveður Grúu

dálitinn tíma segist hann muna vel eftir Nínu sem var stuðningsfulltrúi hans í 8. og 9. bekk. Einnig þegar við krakkarnir vorum að fara út með Ástu Egilsdóttur, kennaranum okkar í 3. og 4. bekk.

„Svo man ég eftir Júlíönu og þegar ég var að leika við Marías í frímínútunum“ svarar Freyr léttur í bragði.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum?*

„Mér finnst skemmtilegast í stærðfræði, í plús og mínus. Það er líka gaman í leikfimi, frímínútum og tímum hjá Sigga iðjuþjalfa“ segir Freyr eftir dálitla umhugsun.

*Hvaða kennara manstu helst eftir?*

„Ég man eftir Margréti þegar hún var með gleraugu“, svarar hann kátur án þess að hafa



**F**reyr Karlsson er hress og kátur strákur sem hefur verið hjá okkur í Grundaskóla núna í 10 ár og hefur honum bara líkað vel. Við í Púlsinum brugðum okkur á tal við hann og fengum að spyrja hann nokkurra spurninga.

*Hvernig er búið að vera í Grundaskóla í öll þessi ár?*

„Gaman“ segir hann brosmildur og er ekki lengi að svara.

*Hverju manstu helst eftir úr skólanum?*

Með því að hugsa sig um í

nokkurn tímann séð Margréti með gleraugu. Svo minnst hann á það þegar Nína var að kenna honum.

*Hvað gerirðu í skólanum?*

„Ég skrifa, les, er í stærðfræði, teikna, tel og mikið meira“ segir hann, bendir á tölur og telur þær allar upphátt fyrir okkur. En svo hefur Freyr verið að vinna mikið við myndbandsgerðir í tímum hjá Elvari og hefur einnig búið til tónlistarmyndband við lagið „I'll be there for you“ sem er lagið úr sjónvarpsþáttunum Friends.

*Hvað er erfðast að gera?*

„Stærðfræði er þínupons erfð, en samt skemmtileg“ svarar hann eftir að hafa hugsað sig vel um.

*En hvað finnst þér svo gaman að gera eftir skóla?*

„Mér finnst skemmtilegt að vera í tölvunni og að horfa á teiknimyndir og Friends í sjónvarpinu,“ svarar hann og þylur upp fyrir okkur allar persónurnar í Friends þáttunum, sem eru m.a hans uppáhalds sjónvarpsþættir.

*Hvernig er að æfa sund?*


„Það er gaman“ svarar Freyr, en hann er einmitt í sundfélaginu

## Engill úr Paradís

**N**ú á vordögum kom út bæklingurinn Engill úr Paradís eftir Hrönn Ríkhardsdóttir og Sigurð Arnar Sigurðsson sem bæði starfa við Grundaskóla. Bæklingurinn er afrakstur þróunarverkefnis sem höfundar fengu styrk til að vinna.

Markmiðið með þróunarverkefninu var að búa til upplýsingabækling fyrir foreldra. Í bæklingnum er fjallað um margvíslegt efni sem foreldrar velta gjarnan fyrir sér varðandi börnin sín eða nám þeirra heima. Meðal þess má nefna námstækni, prófkviða, minnistækni, lestur, dyslexíu, athyglírest með eða án ofvirkni, þunglyndi og átröskun. Sagt er frá helstu þáttum og bent á ráð eða leiðir til úrbóta.

Höfundar telja að foreldrar séu sérfræðingar í börnum sínum. Samstarf heimilis og skóla er afar mikilvægt og nauðsynlegt að þeirra mati að foreldrar taki virkan þátt í skólastarfi og námi barna heima. Lögð er áhersla á að þátttaka foreldra geti skipt sköpum fyrir skólagöngu barna og að „Engill úr Paradís“ geti þar komið að mikilvægu gagni.





# Íaskóla

Þjóti. Hann er orðinn mjög flinkur í sundinu og er að fara til Noregs núna í sumar til að keppa.

*Þú ert í tónlistarskólanum, er það ekki skemmtilegt?*

„Jú það er rosalega skemmtilegt.“ En hann er búinn að vera að vinna mikið með takt og er nýlega farinn að læra laglínuna á píanói. Hress að vanda telur hann upp fyrir okkur lög sem hann kann að spila og eru þau m.a Góða mamma og Gamli Nói.

Einnig spurðum við Frey út í starfsnám sem hann byrjaði á í fyrra. Þá var hann á Sjúkrahúsi Akraness en nú í ár fer hann á hverjum þriðjudegi í Einarsbúð og hjálpar til þar.

*Hvað ertu að gera í Einarsbúð?*

„Ég er að raða gosi í hillur, líka að raða grænmeti og stundum fer ég með sendingar með Guðna“ segir Frey með bros á vör.

*Hver er besti vinur þinn?*

„Það er hann Stebbi.“ Stebbi er 3 árum yngri en Frey og eru þeir miklir vinir. Stebbi gengur í Heiðarskóla en kemur einu sinni í viku í Grundaskóla til að fara í tíma hjá Sigga Iðjuþjálf. Áður en hann fer í tíma til Sigga, hittir hann Frey og hjálpast þeir að með námið, og hafa það skemmtilegt saman, vinirnir.

*Ertu búinn að ákveða hvað þú ætlar að gera þegar þú ert búinn í Grundaskóla?*

„Smíða hús“ segir hann og er ekki lengi að svara. En þegar hann hefur lokið við grunnskóla ætlar hann að ganga í Fjölbrotaskóla Vesturlands þar sem kona að nafni Marta mun fylgja honum.

*Hlakkar þú til að klára skólann?*

„Já það verður gaman að fara í nýjan skóla“ svarar hann, og talar líka um að hann eigi eftir að sakna Margrétar og Láru mikið. Svo segir hann okkur að hann sakni Ingibjargar Þorkeldsdóttur sem var kennari hér við Grundaskóla í fleiri ár. En Frey var í tímum í



heimilisfræði hjá Ingibjörgu.

*Er eitthvað sem þú vilt segja að lokum til að kveðja skólann?*

„Bless og takk fyrir mig. Þetta er búið að vera gaman og mér er

búið að líða vel,“ segir hann og þökkum við Frey kærlega fyrir að vilja tala við okkur.

**Ragnheiður S**



## Peysudagar í Grundaskóla

Í febrúar sl. gafst starfsfólki Grundaskóla kostur á að kaupa flís-peysur sem skólinn lét merkja með nafni starfsmanns og merki skólans. Þetta hefur komið sér vel fyrir þá nemendur sem þekkja ekki

# Skoðanakönnunin

**S**koðunarkönnunin er orðinn fastur liður hér í Púlsinum. En hér birtast niðurstöður úr atkvæðagreiðslu sem nemendur unglingadeildar Grundaskóla tóku þátt í.

## Bestu vinirnir



Aníta Lís, Ásgerður, Bára, Freyja Þöll, Jóhanna, Lísbet og Ylfa þóttu bestu vinahópurinn í ár enda sér maður þær sjaldan aðskildar. Í öðru sæti voru tvíburabæðurnir Bjarki og Breki og í því þriðja voru þeir Bjarki Valur og Rúnar.

## Kennarinn




Það er greinilegt að hér í Grundaskóla eigum við marga góða kennara því úrslitin voru afar jöfn í ár. En í fyrsta sæti var hann Sigurður Arnar Sigurðsson og fylgdi Leó Jóhannesson honum fast á eftir. En Sigurjón Jónsson hlaut það þriðja.

## Fjörkálfurinn



Allir nemendur Grundaskóla þykja mjög hressir en þó ber Leó Dadason af. Öðru og þriðja sætinu deila þeir Ísleifur Örn Guðmundsson og Ólafur Helgi Halldórsson.

## Hrakfallabálgurinn



Jón Birkir Bergþórsson þótti mesti hrakfallabálgurinn annað árið í röð. Svanberg Björnsson var í öðru sæti og fylgdi Freyja Þöll Smáradóttir honum fast á eftir.

## Brosið



Erla Dröfn Kristjánsdóttir þótti brosmildust enda jákvæð með einsdæmum. Helga María Skúladóttir lenti í öðru sæti og fylgdu þær Ásgerður Hlynsdóttir og Harpa Jónsdóttir henni fast á eftir.

## Íþróttagarpurinn




Róbert Þór Henn var valinn íþróttagarpur skólans að þessu sinni og eigum við án efa eftir að heyra eitthvað af honum í framtíðinni. Björn Jónsson var ekki langt á eftir honum en í því þriðja var Aron Ýmir Pétursson.

## Myndarlegasti strákurinn



Björn Jónsson þótti myndarlegastur í ár enda algjör drauma-prins. Andri Már Marteinsson hlaut annað sætið og Ísleifur Örn Guðmundsson það þriðja.

## Best klæddi strákurinn



Best klæddi strákurinn var einnig Björn Jónsson og Andri Már Marteinsson í öðru. Magnús Ingimarsson hlaut svo það þriðja.

## Mynda-legasta stelpan



Það voru allir sammála um það hver væri fegurst í Grundaskóla. Það er einmitt hún Ásgerður Hlynsdóttir, en það komst enginn með tærnar þar sem hún hafði hælana.

## Best klædda stelpan



Ásgerður Hlynsdóttir þótti einnig best klædd í ár. Svandís Erla Ólafsdóttir hlaut annað sætið og Aníta Lís Svansdóttir það þriðja.

## Gelgjan



Gunnþórunn Valsdóttir vann með yfirburðum þetta árið. Bára Kristbjörg Rúnarsdóttir lenti í öðru sæti og Magnús Ingimarsson í því þriðja.



## Háværasta týpan



Hún Sigríður Mist Hjartardóttir var í fyrsta sæti nú ár en ekki svo langt á eftir henni var hún Gunnþórunn Valsdóttir. Þriðja sætið hlaut Aron Ýmir Pétursson.

## Tónlistarfríkið



Ylfa Flosadóttir hlaut þann titil í ár enda kemur það eflaust fáum á óvart. Í öðru sæti var hann Bjarki Sigmundsson og í því þriðja var Arnþór Ingi Kristinsson.

## Hárið



Hárprúðastur í ár þótti Páll Straumberg Guðsteinsson og í öðru sæti var hún Svandís Erla Ólafsdóttir. Þriðja sætið hlaut Andri Már Marteinsson.

## Bjartasta vonin



Bjartasta vonin var Ylfa Flosadóttir og fast á hæla hennar fylgdi Róbert Þór Henn. Í þriðja sætinu var Björn Jónsson og eiga þau eflaust, eins og flest allir nemendur Grundaskóla, bjarta framtíð fyrir sér.

## Spurt og svarað

**Daniel Andri Valdimarsson, 6 ára.**



Af hverju er jörðin hnöttótt?  
Æi, bara af því hún er það.  
Hvað heitir forseti Íslands?  
Hann heitir Davíð Oddson.  
Hvað eru mörg grasstrá í heiminum?  
Svona 30.

**Ester Lind Theodórsdóttir, 9 ára.**



Af hverju er jörðin hnöttótt?  
Af því, hún er ekki flöt eins og pizza.  
Hvað heitir forseti Íslands?  
Ólafur Ragnar Grímsson.  
Hvað eru mörg grasstrá í heiminum?  
Þau eru óteljandi.

**Bjarki Aron Sigurðsson, 7 ára.**



Af hverju er jörðin hnöttótt?  
Æiiii, ég veit það ekki.  
Hvað heitir forseti Íslands?  
Ólafur Ragnar Grímsson.  
Hvað eru mörg grasstrá í heiminum?  
Uu, ég veit það ekki örugglega mörg.



## Börn og umhverfi

(áður barnföstrunámskeið)

Akranesdeild Rauða kross Íslands heldur námskeiðið **Börn og umhverfi**, fyrir börn og unglinga á aldrinum 12-15 ára.

Á námskeiðinu, sem er 16 kennslustundir, er farið í ýmsa þætti er varða umhverfi og framkomu við börn.

Lögð er áhersla á umfjöllun um slysavarnir og algerðar slysaráttur í umhverfinu ásamt ítarlegri kennslu í skyndihjálp.

**Námskeiðsgjald er kr. 4.000.-**

Innfalið í námskeiðsgjaldi er handbók og skyndihjálparbók.

Daysætningar námskeiðs nánar auglýstar síðar.

**Upplýsingar og skráning í síma 431 2270**



# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA VIÐ SUMARLAUNIN?

SUMARIÐ ER SKEMMTILEGUR TÍMI. UNGLINGAR ÍSLANDS  
FJÖLMENNA FERSKIR TIL VINNU. ÍSLANDBANKI MÆLIR  
MEÐ XY REIKNINGI FYRIR SUMARLAUNIN. ÞAR FÆRÐU  
GÓÐA VEXTI, TILBOÐ OG ALLS KÝNS FRÍÐINDI.

ÞÚ GETUR VALIÐ Á MILLI TVEGGJA GLÆSILEGRA  
INNGÖNGUGJAFNA ÞEGAR ÞÚ SKRÁIR ÞIG Í XY:

- TVEIR BIÐMIÐAR Í SAMBÍÐIN
- FLOTTUR 128 MB USB MINNISKUBBUR





# Svipmyndir frá árshátíð grunnskólanna og Arnardals



„Heilbrigðis sál  
í hraustum  
líkama“


Íþróttabandalag Akraness



rafþjónusta  
sigurdórs ehf

Skógarhúsið • 300 Akranes  
Sími 431 1982 • 432 8523  
Netfang rafsigurdors@simnet.is

Nýlagnir - Viðgerðir - Viðhald  
Lofta- og slagnir - Byggingarverkfræði  
Tölvu- og símalagnir  
Brunn- og vöðvæðingarkerfi  
Ljós- og hljóðkerfi  
Mynda- og ljósmyndun  
Heimlísta- og viðgerðir  
Loftþræstikerfi - Rafloagnahættun



Í Tónastöðinni finnur þú einstakt úrval hljóðfæra á gróðu verði, nótur og fjálgiltuti.  
Fagleg ráðgjöf - frábær þjónusta

**TÓNASTÖÐIN**  
Stípholti 506 Reykjavík, sími 555 1155

ÖSKAÐIÐ 11111 | Sími 555 1155 | www.tonastodin.is

# Tíminn nýttur!

**B**laðamaður Púlsins tók viðtal við nokkra afrekskrakka í íþróttum og tónlist. Það fer ekki á milli mála að Grundaskóli er sannkallaður íþróttaskóli, en krakkarnir í honum eru meira og minna allir í landsliðum. Blaðamaður tók púlsinn á krökkunum og fékk að vita hvað unglingar hefðust við á daginn eftir skóla.



**Rakel Gunnlaugsdóttir** er í unglingalandsliðinu í sundi. Hún á Íslandsmet í bringusundi og boðsundi. Rakel hlýtur að líða vel í sundi, þar sem hún eyðir 22 klst ofan í lauginni í viku hverri. Þegar skólinn er búinn hefur hún nóg fyrir stafni þar sem hún lærir, fer á sundæfingu og beint heim að sofa. Hún vill þakka öllum æfingunum því að hún er svona góður sundmaður, enda má hún það. Rakel byrjaði að æfa sund þegar hún var 7 ára. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Thelma Ýr Gylfadóttir** er mjög efnileg fótboltakona, en hún er bæði í landsliði undir 17 ára og 19 ára. Thelma gerði nýverið samning við meistaraflokk kvenna á Akranesi og spilar með þeim í sumar eins og hún hefur gert sl. ár. Fyrir 3 árum var Thelma kosin

efnilegasti leikmaður yngri flokka á Íslandi sem hlýtur að teljast frábær árangur. Hún æfir í 12 - 14 klst á viku, en þegar hún kemur heim úr skólanum er nóg að gera. Hún borðar, fær sér lúr, fer á æfingu, lærir og fer að sofa. Hún vill þakka sér og frænku sinni, sem hvatti hana áfram, þann árangur sem hún hefur náð á þessum 12 árum sem hún hefur æft fótbolta. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Lif Lárusdóttir** var tvöfaldur Íslandsmeistari í tvíliðaleik í badminton undir 15 ára, og í fyrra var hún þrefaldur Íslandsmeistari í öllum greinum. Þrátt fyrir fáar badmintonæfingar á viku, hefur hún náð þessum frábæra árangri, en þær eru ekki nema í 4 klst á viku. Þegar hún kemur heim borðar hún, lærir, fer út með vinum sínum og svo á æfingu. Hún vill þakka þjálfaranum sínum árangurinn, en hún byrjaði að æfa þegar hún var 7 ára gömul. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!




**Aron Ýmir Pétursson** var í úrtaki fyrir landslið í fótbolta undir 16 ára. Hann fór einnig nýverið út til Skotlands að æfa með liðinu Rangers. Hann keppir með ÍA, en hans flokkur hefur orðið Íslands-

meistari í bæði 4. og 5.flokk. Aron æfir fótbolta í 12 klst á viku, en eftir æfingar fer hann oft upp í Skógrækt með vinum sínum að æfa. Þegar hann kemur heim úr skólanum leggur hann sig, fer svo á fótboltaæfingu og eftir það fer hann í fótbolta með vinum sínum. Hann þakkar bæði áhuga sínum og metnaði að hann er í þeim sporum sem hann er í í dag en hann byrjaði að æfa þegar hann var 5 ára. Hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Ragnar Þór Gunnarsson** var bæði í úrtaki fyrir landsliðið í fótbolta undir 15 ára og 16 ára. Hann fór einnig með vini sínum, Aroni, til Skotlands að æfa með fótboltaliðinu Rangers. Hann keppir með ÍA, en hans flokkur hefur orðið Íslandsmeistari í bæði 4. og 5. flokk. Hann var einnig Íslandsmeistari í badminton undir 13 ára fyrir nokkrum árum, og í 4. sæti á Íslandsmeistaramóti í golfi. Hann eyðir 14 klst í fótboltaæfingar á viku, en eftir það fer hann í golf. Hann er hættur í badminton. Þegar hann kemur heim úr skólanum borðar hann, fer á fótboltaæfingu, fær sér kvöldmat og fer svo í golf. Hann þakkar föður sínum og þjálfaranum árangurinn. Hann byrjaði að æfa fótbolta 5 ára, golf 11 ára og badminton 10 ára. Hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!





**Björn Jónsson** verður kannski yngsti atvinnuleikmaður í fótbolta á Íslandi, en það eru 90% líkur á því að fari að keppa með hollenska liðinu Heerenveen. Hann fer þangað í sumar. Hann var einnig í úrtaki fyrir landsliðið undir 17 ára. Hann keppir með ÍA, en hans flokkur hefur orðið Íslandsmeistari í bæði 4. og 5. flokk. Hann eyðir 12 klst á viku í æfingar, en eftir það fer hann líka á aukaæfingar. Þegar hann kemur heim lærir hann, hittir vini sína, fer á æfingu og svo beint í háttinn. Hann segir að það sé þjálfaranum að þakka hversu góður hann sé í dag, en hann hefur spilað síðan hann var 4 ára. Hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Díanna Bergsdóttir** var Íslandsmeistari í dansi í fimleikum árin 2001 og 2005. Árið 2001 var hún einnig í 4. sæti á Íslandsmeistararnóti í fimleikum. Svo á hún einnig Íslandsmet í boðsundi. Díanna eyðir 22 klst á viku ofan í sundlauginni og 8 klst í fimleikaæfingum. Þegar hún kemur heim úr skólanum fær hún sér að borða, lærir, fer á fimleikaæfingu, sundæfingu og svo að sofa. Hún vill þakka þjálfaranum og öllum æfingunum glæsilegan árangur. Hún byrjaði að æfa sund og fimleika þegar hún var 9 ára. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Valdís Þóra Jónsdóttir** er í stúlknalandsliðinu í golfi. Hún er Íslandsmeistari í holukeppni og höggleik og í ofanálag vann hún mótaröðina sína. Á þessu ári fór hún til Danmerkur og Flórída með landliðinu að keppa. Golf er aðallega sumariþrótt og því æfir Valdís sig alltaf í golfi þegar hún er búin í vinnuskólanum á daginn. Þegar hún kemur heim úr skólanum lærir hún, fer á golfvöllinn, horfir á sjónvarpið og fer svo út. Hún vill þakka öllu sínu erfiði og æfingunum því að hún er framúrskarandi golfspilari í dag, en hún byrjaði að æfa golf fyrir alvöru þegar hún var 12 ára. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Bárna Kristbjörg Rúnarsdóttir** gerði nýverið samning við meistaraflokk kvenna á Akranesi. Hún var einnig í úrtaki fyrir landsliðið í fótbolta undir 17 ára. Hún æfir 9

klst á viku og þegar hún kemur heim úr skólanum lærir hún, borðar, fer á fótboltaæfingu og svo beint heim að sofa. Hún segir að það sé meira og minna allri fjölskyldunni hennar að þakka að hún sé svona mikil íþróttááhugamanneskja, en fjölskyldan er öll eitthvað inni í íþróttum. Bárna byrjaði að æfa fótbolta þegar hún var í 1. bekk. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Aníta Lísa Svansdóttir** gerði nýlega samning við meistaraflokk kvenna í fótbolta á Akranesi, þó svo að hún væri með slitnið krossband. Hún sleit krossbandið fyrir 2 árum síðan, en áður en það gerðist fór hún í úrtakshóp á Laugarvatn. Hún var í aðgerð í apríl, en áður en hún lagðist undir hnífinn æfði hún í 9 klst á viku. Þegar hún kom heim úr skólanum lærði hún, borðaði, fór á æfingu og svo í rúmíð, en núna má hún ekki æfa fótbolta í 6 mánuði. Aníta segir að hún hafi alltaf verið dugleg að æfa sig heima og verið heppin með þjálfara, en það er einmitt þess vegna sem hún er í þessum sporum í dag. Hún byrjaði að æfa þeg-


Frh. á bls. 16



# Kubba- bær

**K**rakkarnir í 1. bekk byggðu kubbabæ sem fékk að standa í tíu daga. Þeir bjuggu til fólkid sem bjó í Kubba-bæ og farartækin sem það notaði til að komast á milli staða. Kubba-húsin voru fyrirtæki og stofnanir en fólkid bjó í húsum sem krakkarnir bjuggu til heima með aðstoð foreldra sinna.

Áður en byggingarvinnan hófst fórum við (krakkarnir og kennararnir) með strætó í skoðunarferð um Akranes. Að henni lokinni



*Þetta er sjoppa í kubbalandi. Það er þvottastöð í henni. Það eru seldar samlokur í henni og svalar og ís og bensinstöð.*

skrifuðum við niður nöfn þeirra bygginga sem okkur þótti nauðsynlegt að hafa í Kubba-bæ. Eftir

það skiptum við með okkur verkum. Sumir byggðu húsin og bjuggu til skilti á þau svo fólkid rataði rétta leið. Aðrir bjuggu til umferðarmerki, fólk og farartæki.

*Asta Egilsdóttir*

**Jaðarsbakkalaug**

**Opnunartími:**  
Mánudaga til föstudaga  
kl. 6:45 - 21:00  
Laugardaga og sunnudaga  
kl. 9:00 - 18:00

**Sund**  
**Rennibraut**  
**Heitir pottar**  
**Gufubað**  
**Íþróttasalur**  
**Fundarsalir**  
**Gisting fyrir hópa**

**Langisandur**

Stutt er á milli Langasands og Jaðarsbakkalaugar og því tilvalið að skella sér í sund eftir langan dag á ströndinni



*Þetta er kirkjan. Hún er stærsta húsið í heiminum. Maður gíftir sig þar.*



# Brúum bilið

Samstarf leikskólanna og grunnskóla hefur verið fastur liður í skólastarfi á Akranesi frá því snemma árs 1997. Grunnur að því var lagður með samstarfi leikskólans Garðasels og Grundaskóla sem hafði þá staðið yfir í tvö ár og lesa má um í bæklingnum Brúum bilið sem kom út á vegum Menntamálaráðuneytisins 1997.

Meginmarkmið samstarfsins er að skapa samfellu í námi barna á þessum tveimur skólastigum og stuðla að vellíðan og öryggi barna við að fara úr leikskóla í grunnskóla.

Í upphafi hvers skólaárs boðar skólafulltrúi samstarfsaðila á skipulagsfund þar sem farið er yfir fornleg atriði eins og lög og reglugerðir og helstu áherslur starfsins. Í framhaldi af því taka samstarfs hópar til starfa og skipuleggja vetrarstarfið.

Því er síðan hleypt af stokkunum í september með svonefndum skólastjóraheimsóknum þar sem

elsti árgangur leikskólabarna fer í heimsókn í báða grunnskólana. Skólastjórar taka á mótum börnunum og sýna þeim skólann en leikskólastjórar hafa frumkvæði að þessari heimsókn.

Að því loknu taka við gagnkvæmar heimsóknir eða nemendaskipti milli leikskóla og grunnskóla. Hópur leikskólabarna heimsækir grunnskólann og á sama tíma fara jafnmargir 1. bekkingar í leikskólaheimsókn. Samkvæmt skipulagsrammanum skal hvert leikskólabarn fara að minnsta kosti tvisvar í heimsókn í grunnskóla yfir skólaárið en þessar heimsóknir verða jafnan mun fleiri og fer fjöldi þeirra eftir aðstæðum á hverjum stað fyrir sig.

Vetrarstarfinu lýkur svo á fjögura daga vorskóla þar sem allir væntanlegir 1. bekkingar fá tækifæri til að kynna sín framtiðarskóla. Markmiðið með vorskólanum er að efla sjálfstraust og öryggi barnanna gagnvart þeim breytingum



sem framundan eru í lífi þeirra og leggjum við því áherslu á að hafa hann á starfstíma skóla svo börnin fái raunsanna mynd af grunnskólanum. Meðan á vorskóla stendur heimsækja 1. bekkingar leikskólana en hluti þeirra er þó eftir í grunnskólanum sem gestgjafar.

Matsfundir eru svo haldnir í lok skólaársins með fulltrúum Skólaskrifstofunnar þar sem farið er yfir samstarf vetrarins og mat lagt á framkvæmdina. Skilafundur vegna barna með sérþarfir eru í upphafi skólaárs en oft fara nauðsynlegar upplýsingar á milli skólastiga að vori ef gera þarf ráðstafanir til að mæta þörfum einstakra barna.

*Ásta Egilsdóttir*

Óskum nemendum og starfsfólki  
Grundaskóla gleðilegs sumars!

 **Kodak**  
**EXPRESS**  
GÆDAFRAMKÖLLUN

Hittumst hress og  
endurnærð í haust!

 **PENNINN**

Kirkjubraut 54 • Akranesi  
Sími 431 1855

## Tíminn nýttur . . . Frh. af bls. 12

ar hún var í 1. bekk. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Ylfa Flosadóttir** vann hátónsbarkakeppni grunnskólanna á Akranesi í 8. bekk og hæfileikakeppnina í 9. bekk. Hún hefur tvisvar verið fulltrúi félagsmiðstöðvarinnar á Akranesi á Samfés, en það er söngvakeppni félagsmiðstöðva á öllu landinu. Ylfa er alltaf með tónlist í eyrunum, glamrandi á gítarinn sinn, spilandi á fiðluna sína eða semjandi lög. Þegar hún kemur heim úr skólanum lærir hún, hittir vinina og fer svo í tölvuna og hlustar á tónlist. Hún vill þakka þabba sínum tóneyrað, en hann var alltaf að spila á píanóið þegar hún var lítil og það hefur alltaf verið mikil tónlist í kringum hana. Hún samdi sitt fyrsta lag á píanó þegar hún var í fyrsta bekk, en þá byrjaði hún einnig að æfa á fiðlu. Hún á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!



**Róbert Þór Henn** var í úrtaki fyrir landsliðið í fótbolta undir 17 ára. Hann fór einnig nýverið í úrtak á Laugarvatn. Hann er líka Íslandsmeistari í badminton undir 15 ára og 17 ára. Hann æfir fótbolta í 12 klst á viku, en badminton í 9 klst. Hann vill þakka öllum æfingunum fyrir frábæran árangur, en hann byrjaði að æfa fótbolta þegar hann var 4 ára. Hann byrjaði 10 ára að æfa badminton. Þegar hann kemur heim úr skólanum lærir hann, fer á fótboltaæfingu, svo badmintonæfingu og svo strax heim að sofa. Hann á svo sannarlega framtíðina fyrir sér!

Já, það er ekki að spyrja að dagnadinum í þessum krökkum. Svo þarf heldur ekki að spyrja að því að þessir krakkar eru einnig duglegir námsmenn, enda helst þetta oft í hendur.

Jóhanna



## Skólinn í gamla daga

Þá þurfti að fara stafrófsröð fyrir utan skólann og aftur fyrir utan skólastofuna. Áður en farið var inn í stofuna var hella lýsið upp í alla. Strákarnir fengu bara að fara í smíði og stelpurnar fengu bara að fara í hannyrðir. Þá var ekkert dót í skólanum og þá voru sumir kennara strangir.

## Skólinn í dag

Núna má bara labba beint inn í stofuna. Strákar og stelpur fara bæði í smíði og hannyrðir. Í dag er dót í skólanum og kennararnir eru góðir við okkur.

*Nemendur 2. HKA*

## EFTIRTALDIR AÐILAR STYRKJA ÚTGÁFU ÞESSA BLAÐS

**Sýslumaðurinn á Akranesi**

**Tónlistarskólinn**

**Verkalýðsfélag Akraness**

**Keilufélag Akraness**

**Sjóvá Almennar, Akranesi**

**Hárhús Kötlu ehf.**

**Lyf og heilsa, Akranesi**

**1 Hönnun**

**Slippfélag Litaland**

**Bónusvídeó**

**Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ ehf.**

**Eðallagnir ehf**

**LG s/f málningarverktaki**

**Galito**

**Sjúkrahúsið og heilsugæslustöðin á Akranesi**

**Sjúkraþjálfun Georgs V. Janússonar**

**Blikksmiðja Guðmundar**

**Bílver ehf**

**Bjarg**

**Rafnes s.f.**

**Smurstöð Akraness**

**Model ehf**

**Lambhagi**







# Sögukona og sé

**Þ**óra Grímsdóttir er kennari við Grundaskóla og hefur unnið hérna síðan 1984 eða í 21 ár sem kennari. Sérgreinar hennar eru sérkennsla og sögur. Þóra tók á móti okkur á skrifstofu sinni í risinu í skólanum, hún var búin að leggja gamlar og nýjar myndir á borðið sem við fengum

að velja úr til þess að setja í blaðið. Þóra er án efa mesta skvisan í skólanum, hún er alltaf í litríkum og móðins fötum og maður finnur ilminn af henni þegar hún gengur um gangana.

Þóra á þrjár uppkomnar dætur og fjögur barnabörn. Hún er gift Jens Benedikt Baldurssyni. Hann vinnur í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi sem áfangastjóri og er þar að auki, að sögn Þóru, mikill þúsundþjalasmiður.

Þóra fæddist að Hlöðum á Grenivík í Suður-Þingeyjarsýslu

árið 1948 og fluttist til Akraness fjögurra ára gömul þegar faðir hennar fór að vinna sem tannlæknir hér. Og segist hún vera þingeyskur-Akurnesingur.


Árið 1970 lærði Þóra að vera kennari en heillaðist meira af sérkennslunni þannig að árið 1974 útskrifaðist hún sem sérkennari. Þóra var með fyrstu sérkennurum sem Kennaraháskólinn útskrifaði. Með sérkennaranáminu kenndi hún átta ára bekk í Breiðagerðis-



skóla frá kl. 8-12 (til kl. 10 á laugardögum). Sat í Kennaraháskólanum frá kl. 14-18 og þá átti hún eftir að undirbúa kennsluna fyrir næsta dag, læra fyrir skólann og síðast en ekki síst að sinna elstu dóttur sinni sem þá var 6 ára. Þóra segist oft hugsa til þess hvernig hún hafi farið að þessu en allt hafðist þetta.

Þóra kenndi á Ísafirði í níu ár áður en hún kom aftur „heim“ til Akraness. Þar kenndi hún alltaf tveimur bekkjum. Eldri nemendum fyrir hádegi og yngri nemendum eftir hádegi. Sérkennslan kom síðan sem aukavinna. Þá voru fá greiningargögn komin til sögunnar og var sérkennslan því ekki eins markviss og nú.

Þóra hefur sótt ótal námskeið í sambandi við vinnuna og starfar nú í fullri stöðu sem sérkennari. Þar að auki sér hún um fagstjórn í sérkennslu og greiningar og hafa margir krakkar farið í lespróf o.fl. til hennar.



**Glerfínar gluggafilmur**  
– aukin vellíðan á vinnustað



**Rekstrarvörur**  
– vinna með þér  
Klaunhóll 2 • 110 Reykjavík  
Sími 520 4300 • Fax 520 6045  
reks@rv.is • www.rv.is





# kennari

Þóra hefur lengi verið „sögukona“ skólans. Hún fer þá í bekkinn að segja sögur og segir hún að það sé með því skemmtilegra sem hún geri. Þóra segir að það taki meiri tíma að undirbúa eina sögustund en fólk geti ímyndað sér. Hún nefndi dæmi um það þegar hún var beðin að segja sögu á einni af uppákomum starfsfólksins. Margar andvökunætur fóru í það að hugsa út hvert smáatriði. „Það er ekki sama hvernig t.d. andamma ber sig að þegar hún athugar hvort egginn hennar ætli nú ekki að fara að klekjast út undir henni“. Dagana notaði Þóra svo í að æfa ýmis dýrahljóð s.s. kalkúnagarg og hænugagg. Segist Þóra oft hafa búist við kvörtunum frá nágrönnum en hún hafi alltaf verið heppin með nágranna.

Þóra hefur tekið fjórða stig í söng og var fyrsti formaður kvennakórsins Yms. Núna er hún hætt í kvennakórnum en er í fjögurra radda fjölskyldukór þar sem fjölskyldan hittist og æfir lög fyrir eins og ættarmót, afmæli og fleiri uppákomur.



Þóra er að fara í orlof þar sem hún ætlar að fara í Kennó að læra leiklistarnám, leikræna tjáningu o.fl. svo hún geti sagt sögur ennþá betur.

Þóra er í leikfimi þrisvar í viku í



Reykjavík með vinkonum sínum; Sesselju, Guðrúnu, Eddu og Borghildi, og segir það vera forréttindi að fá að vera með svona skemmtilegum konum. Þær fara alltaf í Jazzballettskóla Báru og skilaði það sínu enda var viðtal við þær í Vikunni fyrir tveimur árum og ætla þær að halda því áfram þangað til að þær fara yfir um. Hún

börnin sín. Hún segir oft sögur H. C. Andersen og finnst þær henta sér vel. Oftast breytir hún sögunum aðeins eftir áheyrendum og vonar hún að vinur hennar, H. C. Andersen, og aðrir fyrirgefi henni það. Sagan sem hún segir alltaf fyrst er eftir móðurömmu hennar sem hét Aðalheiður Kristjánsdóttir. Sagan heitir Hagalalli og er um tröllkarl. Hún gerir þá eins og með H. C. Andersen sögurnar, hún breytir henni eftir áheyrendum. Þessi saga hefur ekki verið skrifuð en kannski gerir Þóra það einn daginn.

Þóru finnst mjög gott að vinna í Grundaskóla og finnst það vera eins og að vera í stórra fjölskyldu þar sem skiptast á skin og skúrir.

Við báðum Þóru að lýsa sér í þrem orðum og sagði hún að hún væri mikil tilfinningavera, með ríka réttlætiskennd og auðvitað einstök eins og við öll.

Það var gaman að koma upp til Þóru og heyra hana segja aðeins frá lífi sínu og er okkur heiður að hafa þessa grein í blaðinu. Við óskum Þóru góðs gengis í skólanum sem og annars staðar.

*Lára og Lísbet*

# Viðtal við Papana

Föstudaginn 8. apríl var haldin Árs hátíð grunnskólanna og Arnardals á sal Grundaskóla. Stórhljómsveitin Paparnir kom og lék undir dansi og skemmtu sér allir konunglega. Eftir ballið fóru þau Ragnheiður og Jóhann Óli baksviðs og fengu að taka smáviðtal við þá félagi. Um leið rættist draumur Jóhanns Óla því Paparnir hafa verið í miklu upphaldi hjá honum frá því að hann var smá patti. Ekki verri að fá að hitta goðin, taka í spaðana á þeim og fá mynd.

*Hafið þið allir sem eruð að spila núna, verið í hljómsveitinni frá upphafi?*

„Nei, bara tveir, Palli sem er hljómborðsleikari og Goggi bassi,“ segir Matti léttur í lund.

*Hvencær og hvar var hljómsveitin stofnuð?*

„Hún var stofnuð árið 1986 í Vestmannaeyjum.“

*Hvernig kom hugmyndin af hljómsveitinni upp?*

„Það var engin svona hljómsveit á Íslandi og okkur datt í hug að stofna hljómsveit sem spilar allvöru tónlist.“



*Spilið þið oft á grunnskólaböllum?*

„Já, nokkuð oft.“

*Hvað heitið þið?*

„Matti söngur, Eysteinn trommur, Palli hljómborð, Goggi bassi, Viggí banjó og Dan fiðla.“

*Hvað heitir fyrsta platan sem þið gáfuð út?*

„Hún heitir Tröllaukin ták.“

*Hvað hafið þið gefið út margar plötur?*

„Við höfum gefið út átta plöt-

ur, þær Tröllaukin Ták, Í Góðum Sköpum, Live Á Dubliner, Hláturinn Lengi Lífið, Ekkert Liggur Á, Riggarobb, Þjóðsaga og Leyndarmál Frægðarinnar.“

*Hvert var fyrsta frumsamda lagið ykkar?*

„Guðrún Gamla og Bye Bye Baby Í Potunni.“

*Hvernig fannst ykkur að spila hér í kvöld?*

„Ótrúlega gaman þegar tækni- legir örðugleikar voru yfirstaðnir.“

*Hefur eitthvað skondið komið upp á tónleikum eða böllum hjá ykkur?*

„Já, það var t.d einu sinni maður sem hélt að hann væri John Lennon endurfæddur. Hann vildi ólmur fá að komast upp á svið og fá að syngja eitt Bítalag og auðvitað leyfðum við honum það. Við spiluum undir hjá honum, og viti menn hann klúðraði því.“

*Af hverju Paparnir?*

„Við kennum okkur við írsku munda sem numu land á Íslandi á undan landnámsmönnum. Og svo filuum við írsku þjóðlagatónlist.“

*Er einhver sem þið litid upp til?*

„Hemmi Gunn.“

*Er eitthvað sem þið vilduð segja við krakka á okkar aldri?*

„Ekkert rugl.“

*Eitthvað að lokum?*

„Stuð og fjör.“

**Ragnheiður og Jóhann Óli**



## Busaballið

Busaballið var ógurlegt í ár vegna „geðveiks“ Dj og frábærra krakka. Ballið var haldið í Grundaskóla og byrjaði kl. 20:00, fyrsta uppákomana var að 10. bekkingar fylgdu 8. bekkingum á ballið. Ballið var brjáláð svaka stuð og Dj-inn, Páll Óskar er einn sá besti í bransanum. Um tíuleytið, eftir mikinn dans var busakóngur og busadrottning kosin. En það voru Alexandra í 8. SK í Grundaskóla og Björn Bergmann 8. bekk í Brekkubæjarskóla.

Eftir þessa kosningu var dansað á fullu til 23:30 þetta var svaka stuð og við viljum þakka alla hjálp við ballið



# Stóra upplestrarkeppnin

**H**in hefðbundna lestrarkeppni var haldin 18. apríl sl. Þeir nemendur sem tóku þátt fyrir hönd Grundaskóla voru Aðalheiður Harðardóttir, Engilbert Svavarsson, Kristjana Bjarnadóttir, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Dagný Björk Egilsdóttir og Sigurður Trausti Karvelsson.

Að þessu sinni átti skólinn nemanda sem varð í 2. sæti, Dagnýju Björk Egilsdóttur en Karolína Hrönn Hilmarsdóttir vann keppnina og Aðalbjörg Þorkelsdóttir hafnaði í 3. sæti, báðar úr Brekkubæjarskóla. Skólinn óskar þeim öllum innilega til hamingju. Formaður dómnefndar Ingibjörg Frimannsdóttir lagði á það ríka áherslu að allir krakkarnir væru sigurvegarar og talaði um það hvað þau hefðu öll staðið sig með stakri þryði. Það er því hægt



að óska þeim öllum til hamingju með þennan árangur.

Í tengslum við upplestrarkeppnina var samkeppni um teikningar á boðskortið sem sent var út. Það var einn vinningshafi í hvorum skóla og að þessu sinni voru það Nökkvi Rúnarsson frá Grundaskóla og Stefán Örn Guðmundsson frá Brekkubæjarskóla.

Sigrún Ósk Óskarsdóttir flutti hugvekju. Hún lagði áherslu á mikilvægi þess að læra að koma fram og telur að upplestrarkeppnin sé mjög mikilvægur þáttur í að undirbúa nemendur undir að takast á við það. Kristján

Kristjánsson ræddi um mikilvægi þess að lesa og færði öllum lesurunum bókina *Prakkarinn* eftir Sterling North í þýðingu Hannesar Sigfússonar og einnig færði hann báðum skólunum að gjöf bekkjarsett af bókinni *Heljarþróm* eftir Philip Ardagh í þýðingu Kristínar Torlacius. Þessar bækur eru gefnar út af Uppheimum.

**Borghildur J**

## ***Erum við öll systkini?***

*Ég sá stelpuna í gær,  
stelpuna sem er alltaf hrædd.  
Hún var með úfið hár,  
hún var í skritnum fötum.*

*„Hún er fátæk, fallega barnið.  
Mér finnst að einhver ætti að  
gera eitthvað í þessu,“  
sagði mamma, en gerði ekkert sjálf.  
Það var þá sem ég fékk nóg.*

*Ég fór út og fann stúlkuna.  
Hún sagðist heita Friða.  
Ég fór með hana heim til mín.  
Nú er hún systir mín.*

***Falinn höfundur***

## ***Leitin***

*Ef þú vilt gera  
eitthvað skemmtilegt,  
þá láttu það gerast  
en ekki bara standa þarna  
og bíða efti því.*

***Höf. 78***

## ***Fossinn***

*Fossinn rennur hratt niður,  
hérna er ró og friður,  
ég sit við bakkann og tygg strá,  
horfi upp í himinn blá.*

***Hallur F. og Bjarki J.***

**Eftirtaldir aðilar styrkja útgáfu blaðsins**

**Blikkverk sf.**

**PK lagnir**

**Húsamálun J.P. ehf.**

**Sími 863 4389**



# Grundaskóli hlýtur Íslensku menntaverðlaunin 2005

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, veitti miðvikudaginn 1. júní, Íslensku menntaverðlaunin í fyrsta sinn. Athöfnin fór fram í Viðistaðaskóla í Hafnarfirði.

Íslensku menntaverðlaunin eru veitt í fjórum flokkum:

1. Skólum sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi. Verðlaunahafi er Grundaskóli á Akranesi.
2. Kennurum sem skilað hafa merku ævistarfi eða á annan hátt hafa skarað framúr. Verðlaunahafi er Kári Arnórsson, fyrrverandi skólastjóri Fossvogsskóla.
3. Ungu fólki sem í upphafi kennsluferils hefur sýnt hæfileika og lagt alúð við starf sitt. Verðlaunahafi er Rannveig Þorvaldsdóttir, kennari við Grunnskólann á Ísafirði.
4. Höfundum námsefnis sem stuðlað hafa að nýjungum í skólastarfi. Verðlaunahafi er Sigfríður Björnsdóttir höfundur námsvefsins „Tónlist í tímans rás“.



Fulltrúar starfsmanna og foreldra.

## Greinargerð dómnefndar

### 1. Skólar sem sinnt hafa vel nýsköpun eða farsælu samhengi í fræðslustarfi

„Grundaskóli hefur ávallt verið framsækinn skóli og þar hefur verið lögð rækt við fjölbreytta náms- og kennsluhætti. Í skólanum hafa verið unnin mörg áhugaverð þróunarverkefni þar sem lögð er áhersla á skapandi og fjölbreytt viðfangsefni. Þá hafa list- og verkgreinar frá fyrstu tíð skipað stóran sess í starfi skólans.

Grundaskóli hefur ávallt hugað vel að félagsstarfi nemenda og eru þeir hvattir áfram á því sviði sem öðrum. Þess má geta að nemendur taka fullan þátt í móttöku gesta sem koma í skólann til að kynna sér starfið og hafa gestirnir því tækifæri til að kynna sér lífið í skólanum með milliliðalausri rökræðu við nemendur. Einnig hefur samstarf skólans við heimilin verið ákaflega gott allt frá upphafi og er öflugt foreldrafélag starfandi við skólann.

Stjórnendur og kennarar Grundaskóla hafa verið duglegir að sækja sér viðbótarmenntun sem nýtist skólanum í allri þróun starfsins. Mikil áhersla er lögð á góða samvinnu starfsmanna sem skilar sér í jákvæðu og metnaðarfullu skólastarfi og góðum starfsanda. Það er því ekki að undra að gamall nemandi skólans sagði einu sinni: „Við útskrifumst úr Grundaskóla en við yfirgefum hann aldrei“, en þessi orð segja ákaflega margt um þann góða anda sem ríkir í Grundaskóla.“



Verðlaunahafar íslensku menntaverðlaunanna árið 2005 ásamt forsetahjónunum.






*Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson afhendir Guðbjarti Hannessyni, skólustjóra, Íslensku menntaverðlaunin.*



*Fulltrúar nemenda, foreldra og starfsmanna Grundaskóla taka við Íslensku menntaverðlauninum.*

*Ylfa Flosadóttir og Flosi Einarsson fluttu lag Ylfu við texta Jóhönnu Gísladóttur, „Worries of the World“.*





# Vinkonur

**G**rundaskóli hefur átt marga góða nemendur í gegnum tíðina og eru Birgitta Prastardóttir og Brynja Valdimarsdóttir þar engin undantekning. En við mæltum okkur mót við þær í gamla skólanum þeirra og áttum saman eina kvöldstund.

Brynja og Birgitta hafa verið vinkonur alla sína skólagöngu og eru enn. Vinátta þeirra átti upp-tök sín í íþróttahúsinu Jaðarsbökkum eru þær skriðu þar um gólfin allar úti í ryki aðeins 5 ára að aldri.

Þær stöllur komu í heimsókn fyrir ekki alls löngu og voru þær sannkallaðir heiðursgestir í Grundaskóla.


Okkur þótti athyglisvert að heyra hvernig þeim þótti skólinn í dag og hvort að hann hefði þróast mikið frá því að þær útskrifuðust. Þær svöruðu því játandi og sögðu að skólinn væri orðinn mun finni núna. „Allt var svo gamalt og ónýtt hjá okkur“ segja þær með hæðnisvip.

Stelpurnar segjast sakna Grundaskóla og þá allra helst



starfsfólksins og árgangsins í heild sinni. „Við erum svo miklar tröllskessur“ segir Birgitta og hlær.

Eftirminnilegast finnst þeim þó skiðaferðalagið í 9. bekk og fermingarferðin í Skálholt sem átti eftir að hafa áhrif á öll fermingarferðalög árin á eftir. En þær segja árganginn sinn hafa verið mjög stóran. „Við vorum ógeðslega



mörg og ógeðslega klikkuð“ segja þær og hugsa til baka.

Við spyrjum Brynju hvort að hún hefði frekar viljað vera í Grundaskóla núna þar sem skólinn er orðinn mun „tónlistarsinnadri.“ Hún svarar því neitandi og segist hugsanlega ekki hefði getað notið sín meir en hún gerði. Enda þýðir ekkert að hugsa til baka, þetta hefði einfaldlega ekki geta orðið betra.

Brynja rifjar upp tónlistarferil sinn úr Grundaskóla en hún gekk í skólakór og kom í fyrsta sinn fram í hinni árlegu hátónsbarkakeppni grunnskólanna á Akranesi. Hún segist áreiðanlega aldrei hafa átt eftir að syngja fyrir framan almenning ef ekki hefði verið hátónsbarkakeppni.

Það vita eflaust ekki margir hvaða listamaður stendur á bak við Grundaskólamerkið. En í raun vissi hún það ekki sjálf fyrir en löngu seinna.

Birgitta var aðeins 6 ára gömul þegar að hún teiknaði mynd af umsjónarkennara sínum Hrönn Jónsdóttur.

Myndin var sett í samkeppni af einhverju tagi en Birgitta vissi ekki fyrir en rúmun þremur árum seinna að þetta væri mynd eftir hana. „Ég var kölluð upp á svið á jólaballinu í fyrsta bekk og botnaði ekki neitt í neinu. Ég hef

áreiðanlega ekki vitað hvað um var að vera“ segir Birgitta og rifjar þetta upp.

Við ákveðum að spyrja Birgittu á léttu nóttunum hvort hún hafi aldrei hugsað sér að fara fram á að fá borgað fyrir afnot myndarinnar. „Nei ég hef nú aldrei spáð í það. Það væri nú samt gaman að fá merkt Grundaskólaflispeysu“ segir hún og skellihlær.

Birgitta segist aldrei hafa ætlað sér að verða listamaður þar sem hún segist ekki kunna að teikna.

Við spyrjum því næst forvitnilega hvað þær séu að gera í dag. „Við erum í FVA og að vinna.“

Birgitta segist svo stefna að því að fara í uppeldis- og menntunarfræði í Háskóla Íslands en Brynju langar til Ítalíu í áframhaldandi söngnám og tónfræði.

Um leið og við þökkum þeim fyrir skemmtilegt spjall segjumst við þora að lofa fyrir hönd skólans að þær séu, eins og allir aðrir nemendur alltaf velkomnar í heimsókn í skólann.

*Ásgerður og Freyja*

*Heilræði handa góðum vini  
Vertu alltaf létt í lund,  
það verður betri morgunstund.  
Við verðum alltaf góðir vinir,  
enginn er eins og allir hinir.*

*Höf. 1989*

# Breytt útlit

**B**reytt útlit hefur orðið að föstum lið í Púlsinum og var gríðarlegur áhugi fyrir þátttöku þetta árið. Þann 27. apríl sl. fóru tveir krakkar, Sonja Bjarnadóttir 8. bekk og Arnar Jónsson 10. bekk, í allsherjarbreytingu á vegum blaðsins.

Hópurinn byrjaði á **Hárhúsi Köllu** þar sem vel var tekið á móti honum. Eigendur stofunnar, Katla og Ína Dóra, sáu um hárið á Arnari og Sonju sem tókst með einsdæmum vel.

Sonja sem hafði verið með sömu klippinguna lengi var með þungt og þykkt háir. Ína Dóra byrjaði á því að þynna hárið á henni mikið og klippa það í stytur, sérstaklega aftan í hnakkanum, þannig að útkoman var tjásuð og nýmóðins. Eftir það setti hún rauðbrúnt skol í hárið á henni með nokkrum ljósum strípum undir.

Katla átti krefjandi verk fyrir höndum þegar kom að Arnari þar

sem hann var með stutt háir og er mjög ljós yfirlitum. Hún byrjaði á að dekkja á honum hárið. Síðan setti hún mikið af ljósum strípum. Katla klippti hárið mikið í hliðunum og skakkt að aftan svo greiðslan ber vott af svokölluðu „mullet“ eins og var við lýði hér á Íslandi um lok síðustu aldar.

Eftir það lá leið hópsins niður í fatabúðina **Nínu** við Kirkjubraut. Þar fengu krakkarnir að velja sér dress fyrir myndatökuna. Arnar var fljótur að finna sér föt með hjálp afgreiðslufólks, en Sonja var öllu lengur eins og konum ber.


Síðan fór Sonja til **Önnu Siggú** sem er snyrtifræðingur. Hún plokkaði og litaði á henni augabrúnirnar og farðaði hana. Bara við það að Sonja fékk augabrúnir var gríðarlegur munur.

Um myndatökuna sá Ágústa í **Mynðsmíðjunni**. Hún hafði tekið myndir af krökkunum fyrr um daginn, áður en breytingarnar áttu



sér stað. Svo tók hún auðvitað myndir af vel lukkaðri útlitsbreytingu krakkanna.

Að krökkunum aðspurðum sögðust þeir vera ánægðir með breytinguna, en Arnar sagðist







**nina**  
KIRKJUBRAUT 4 - 6  
AKRANESI - Sími 431 2244

*Anna Sigga*  
Snyrtifræðingur



frekar kjósa víðari og þægilegri fót. Sonja var hins vegar mjög lukku-  
leg með útkomuna.

Með mikilli hjálp og stuðningi frá fyrirtækjum hér á Akranesi

tókst þessi dagur frábærlega vel, en ekki geta mörg bæjarfélög stá-  
að af eins góðu samstarfi milli fyr-  
irtækja og skóla.

**Lára, Lísbet og Jóhanna**



**Til hámingju með nýju SICÓ borðin!**  
Einnota salur verður innmóta með SICÓ felliborðunum.



**Jóhann Ólafsson & Co**  
Sundbergsg. 11 • Sími 638 1520

# Auddi og Sveppi

Núna s.l. haust tók ritstjórn Púlsins sig til og ákvað að taka viðtal við Auðun Blöndal og Sverrir Þór Sverrisson, þegar þeir voru að skemmta á lokahófi knattspyrnufélags ÍA. Eins og flestir vita þá eru þeir betur þekktir sem Sveppi og Auddi í 70 mínútum. Viðtal þetta var tekið þegar 70 mínútur voru að hætta á Popp Tívi. Núna hins vegar eru þeir þekktir fyrir að gera alls konar vitleysu sem „Strákarnir“ á Stöð 2.

*Hvað eruð þið gamlir?*

**Auddi:** Ég er 24 ára.

**Sveppi:** Og ég er 27.

**Auddi:** Sem sagt Auðunn Blöndal fæddur 1980 og Sverrir Þór Sverrisson fæddur 1977, samt óproskadri en ég.

*Til hverja lítið þið mest upp til?*

**Sveppi:** Uuu ég mundi segja að ég líti mest upp til pabba.

**Auddi:** Já, ég hugsa að það sé mamma hjá mér.

*Erud þið mikið varir við frægðina?*

**Sveppi:** Já, og nei sko, þetta er nú kannski ekki beint svona mikil

frægð, maður finnur frekar kannski fyrir því að maður sé þekktur.

**Auddi:** Þetta er bara eins og ég, ég er frá Sauðárkróki og þar heilsuðu mér alltaf allir þannig að þetta er bara svipað. Þetta er eins og að búa á Sauðakróki. Þetta er líka eins og Akranes, þar þekkja allir alla.

*Þekktust þið allir áður en að þið byrjuðuð í 70 mínútum?*

**Báðir:** Nei, enginn.

*Hvernig kom upp sú hugmynd að gera 70 mínútur?*

Sveppi: Sko þetta er hugmynd frá Simma og Jóa, þeir byrjuðu með útvarpsþátt sem hét „7 til 10“ á Mónó og var kallaður 70. Og svo þegar þeir hættu á Mónó og fóru í sjónvarp þá létu þeir sjónvarpsþáttinn heita 70 mínútur, það var í lok árs 2000.

**Auddi:** Þannig þeir eiga það, Simmi og Jóa.

*Hvað gerðuð þið áður en þið fóruð að vinna í 70 mín?*

**Auddi:** Skóla og vinna á lager sem hét Burt.

**Sveppi:** Ég var að vinna í græn-

metislager fyrir Baug, mjög gaman.

*Hvar verslið þið fötin ykkar?*

**Auddi:** Retro.

**Sveppi:** Já, ég kemst ekki hjá því að versla þar, það svona hentar mínun líkama best. \*Hlær\*

*Versluðuð þið líka fötin ykkar þar áður en að þið byrjuðuð í 70 mín?*

**Auddi:** Já, þá var ég mikið í Retro og Sautján.

**Sveppi:** Uu var Retro til þegar við byrjuðum í 70 mínútum?

**Auddi:** Nei, ekki fyrst, en bara í rauninni bara einhvers staðar þar sem ég finn eitthvað sem passar. Skiptir í rauninni engu máli hvar það er.

*Hvað ætlið þið að gera þegar þið verðið stórir? Eða eftir 70 mín?*

**Auddi:** Vonandi bara halda áfram að fiflast.

**Sveppi:** Já, það væri óskandi að fá að vera bara í bullinu.

*Hafið þið pælt í að gera bíómynd?*

**Auddi:** Jááá, en ekki um 70 þá.

**Sveppi:** (með bíómyndarödd): 70 mínútur leysa vandann

**Auddi:** Já, svona James Bond eða eitthvað. Já, sem sagt, það hefur hvarflað að okkur að skrifa kvikmynd en ekki um 70 mínútur þá.

*Kemur sjálfsævisaga til greina?*

**Auddi:** Neeei.

**Sveppi:** Kannski eftir að maður er dáinn.

**Auddi:** Já, kannski þegar maður er orðinn fimmtugur frekar.

**Sveppi:** Sjálfsævisaga er ekki ævisaga fyrr en maður er dauður.

**Auddi:** Jú, ég mundi láta hana heita „Það sem komið er.“

**Sveppi** (aftur með bíómyndaröddina): Það sem komið er... ævisaga Auðuns Blöndals, fyrsta ágrip.

**Auddi:** Akkurat.

**Sveppi:** Hehe ég skal skrifa hana.

*Rífst þið mikið?*

**Auddi:** Nei furðu lítið eins og Sveppi er nú vangefinn.



*Kiwanisklúbburinn Þyrill á Akranesi afhenti nemendum í 1. bekk hjólahjálma að gjöf fyrir skömmu. - Einnig gaf Vesturlandsdeild Rauða Krossins 3. bekkungum hjólahjálma. Fá þeir bestu þakkir fyrir.*



**Sveppi:** Eiginlega of lítið sko. Það er svo þægilegt þegar maður kann þann málshátt, vægir sá sem vitið hefur meira.

**Auddi:** Og það á við um okkur báða.

*Verðið þið aldrei uppiskroppa með hugmyndir til að hafa í þáttunum?*

**Auddi:** Jú, það dettur inn svona einu sinni og einu sinni. En það kemur ekkert það löng stífla að það bitni á tveimur þáttum, það bitnar þá í rauninni bara á einum.

**Sveppi:** Þess vegna erum við líka það margir, það eru ég, Pétur, Hugi og Auddi. Þannig að það eru alltaf einhverjar ferskar hugmyndir.

*Ætla Hvolpar og Rjómais að gera annað lag?*

**Auddi:** Vonandi.

**Sveppi:** Já, ég væri alveg til í það. Það er fallett band!

*Stundið þið líkamsrækt?*

**Auddi:** Ekki nóg og mikið, ég er að reyna það.

**Sveppi:** Já, ég líka sko. Ég var náttúrlega í Fame, það var rosa fin líkamsrækt. Dansa og svona.

*Sofid þið í náttfötum?*

**Auddi:** Neeeei, bara nærbuxum.

**Sveppi:** Ég sef alltaf á tippinu (og hlær).

**Auddi:** Já, það er allt í lagi, það sést ekkert.

**Sveppi:** Jú, það er sjálflýsandi.

*Hvað mynduð þið gera ef þið ynnuð í lottói?*

**Auddi:** Ég mundi öskra.

**Sveppi:** Ég myndi bara ná í peningana og fara slaka á.

**Auddi:** Já, og taka Pulp Fiction og poppa. Hafa það bara í rólegheitunum.

*Hvað er vandræðalegasta augnablik ykkar?*

**Sveppi:** Það var þegar ég var að borða kvöldmat með tengdaforældrum mínum og hnerraði, nema að ég var að reyna að kæfa hnerrann svo ég myndi ekki hnerra bara „AAAAATJÚ“, þá svona vúps, hnerraði, og prumpaði í leiðinni.

Og við sátum öll og töluðum saman, ég var tiltölulega nýbúinn að kynnaðstærstunni minni og þetta var ógeðslega asnalegt. Og



þau voru að reyna svona „Heheh, þetta er nú allt í lagi, þetta kemur fyrir alla.“ Eitthvað svona.

**Auddi:** Vandræðalegasta mitt... ég get ekki einu sinni sagt frá því það var svo skelfilega vandræðalegt. Mér hefur aldrei líðið jafn illa á ævi minni.

**Sveppi:** Já, þá tengist það kynlífi.

**Auddi:** Nei, alls ekki!  
*Með hvaða líði haldið þið í íslensku?*

**Auddi:** Val.

**Sveppi:** Ég held með Viking.

**Auddi:** Já og Tindastól í neðri deild.

*Auddi, er það rétt að þú og Hugi séuð braður?*

**Auddi:** Nei, bara vinir að Norðan. Búnir að þekkjast síðan við bjuggum á Saudárkróki.

**Sveppi:** Friends from the North.

*Sveppi, telur þú Davíð Oddson vera helsta keppinaut þinn í krullum?*

**Sveppi:** Nei það eru margir aðrir sem koma til greina, það er nú til dæmis eins og Silfur Egils, hann kemur sterkur inn. Og líka strákurinn sem syngur í Geirfuglunum sem heitir Halldór Gylfason, hann kemur líka mjög sterkur inn. Vitið þið hver það er? Rosalega krullóttur strákur, var stundum í Stundinni Okkar. Það eru svona helstu keppinautar mínir.

*Auddi, telur þú þá Austin Powers vera helsta keppinaut þinn í bringuhárum?*

**Auddi:** Jáááá, og líka rassgatið á Péttri Jóhanni Sigfússyni. Ætli það

keppi ekki svona mest við mig þegar það kemur að hárum á líkama.

*Af hverju hætti 70 mínútur?*

**Sveppi:** Ástæðan er bara sam-eiginleg ákvörðum stjórnenda 70 mínútna og yfirmanna Popp Tívi um að þarna skuli láta staðar numið. Vá, fannst ykkur þetta ekki flott svar?

**Auddi:** Jú, þetta var mjög svona pro.

**Sveppi:** Takk.

*Hvernig fóruð þið að því að komast í sjónvarpið?*

**Auddi:** Ég drap einn og hótaði öðrum þar til ég var látinn fá starfið.

**Sveppi:** Ég var að labba hringinn í kringum Ísland einu sinni, í útvarpsþætti Simma og Jóa og kom með þeim inn á Popp Tívi eftir það.

*Já, en Auddi, drapst þú sem sagt bara mann?*

**Auddi:** Nei ég sótti bara um, og svo sá yfirmaður Popp Tívi á þeim tíma mig skemmta á áhrshátíð.

*Hvað ráðleggið þið fólki að gera sem vill komast í sjónvarpið?*

**Auddi:** Leggja hart að sér bara.

**Sveppi:** Já, og bara vera með hugmyndafríkt höfuð.

**Auddi:** Já, númer eitt, tvö og þrjú að leggja hart að sér.

**Sveppi:** If you reach for the moon you might catch a star.

Jæja, þá er þetta komið, viljum bara þakka ykkur fyrir.

**Báðir:** Já minnsta málið, við höfðum bara gaman af þessu.

Aníta Lísu

Sjávarútvegur í fortíð, nútíð og framtíð:  
**Nýr sjávarútvegsvefur  
 Grundaskóla**

Í byrjun júní var tekinn í notkun nýr sjávarútvegsvefur Grundaskóla. Vefurinn er unninn af nemendum og kennurum og er ætlað að halda utan um árlegt sjávarútvegsþema skólans. Í fjöldamörg ár hefur Grundaskóli unnið með sögu sjávarútvegs á Akranesi og reynt að styrkja böndin við sjávarútvegsfyrirtækin í bænum með þemabundinni vinnu í 9. bekk. Hefðbundið skólastarf er brotið upp í fjóra til fimm daga og tíminn nýttur fyrir þemabundin

verkefni tengd sjávarútvegi. Þá fara nemendur í heimsókn í fiskvinnslufyrirtæki, skoða báta og skip, fara á byggðasafnið að Gördum og fræðast um báta og veiðarfæri fyrri tíma o.s.frv. Nemendur vinna ýmiskonar verkefni og þemau líkur með matarveislu þar sem nemendur bjóða upp á alls kyns góðgæti unnið úr sjávarfangi.

Sjávarútvegsvefurinn er vistaður á heimasíðu Grundaskóla ([grundaskoli.is](http://grundaskoli.is)). Vefurinn er framlag nemenda Grundaskóla í



samkeppni Sjávarútvegsráðuneytis og Menntamálaráðuneytis um vefi tengda sjávarútvegi.

## Brúum bilið

Samstarfsverkefni grunn- og leikskólanna á Akranesi

Þá stiga verðandi nemendur sín fyrstu skólaspor. Þau koma nokkrum sinnum í heimsókn yfir veturinn og eru svo eina viku í skólanum í apríl. Þá kynnast þau starfi yngstu barnanna. Núna á hefðbundnum vordögum fengu þau líka að kynnast eldri nemendum, þegar krakkarnir úr 7. - 9. bekk fengu það verkefni að annast verðandi 6 ára nemend-



ur með það að markmiði að auka traust, virðingu og væntumþykju allra. Ríkti almenn ánægja með þessi samskipti bæði hjá þeim yngri og þeim sem eldri eru.



## Gönguklúbburinn Skálmandi í fullu fjöri

Klúbburinn hefur nú starfað í þrjú ár og er starfsemin í miklum blóma. Markmið félagsins er að efla félagsanda, þekkingu og þrek starfsmanna Grundaskóla. Markmiðunum er reynt að ná með því að standa fyrir gönguferðum a.m.k. einu sinni í mánuði. Í gönguferðunum fléttast saman fróðleikur, skemmtun og líkamsrækt. Á þessu skólaári hafa verið farnar 15 ferðir m.a annars gönguferðir á Akrafjall, Esju, Melabakka, um Akranes og víðar. Allar þessar ferðir hafa verið vel sóttar og vel heppnaðar.

Nafn félagsins, Skálmandi, var valið eftir samkeppni í loka-höfi félagsins sl. vor. Nafnið höfðar til göngulags klúbbfélaga með það í huga að nota má endinguna - ANDI - í viðurnefni félaga s.s. Gangandi, Logandi, Trallandi, Stynjandi, Syngjandi, Talandi o.s.frv.

Stjórn félagsins skipa þau Hjördís Hjartardóttir og Elís Þór Sigurðsson.





Í skólanum,  
í skólanum,  
er skemmtilegt . . .



## Trjónukrabbi og hnísuungi

*Systurnar Ásgerður Ásgrímsdóttir og Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir gáfu skólanum góða gjöf á dögum. Langalangafi stelpnanna veiddi bæði trjónukrabba og hnísuunga löngu áður en systurnar fæddust. Þær sögðu að mamma þeirra hefði verið litil stelpa þegar það gerðist og að hún myndi rétt svo eftir þeim atburði.*



## Lexía

*Nú á vordögum kemur út mappan Lexía sem er ætluð nemendum sem greinast með sértæka lesröskun (dyslexíu).*

*Lexíu er ætlað að vera rammi um samstarf nemenda, foreldra og kennara svo námsferill nemenda með þennan vanda verði sem farsælastur.*

*Í Lexíu verður m.a. að finna greiningargögn nemandans, námsáætlunarsamninga, lestrararmat og ýmsan fróðleik um sértæka lesröskun.*

*Lexía var uminn í samvinnu sérkennaranna í grunnskólum Akraness og sálfræðinga og sviðsstjóra menningar- og fræðsluviðs.*





## Húllum Hæ!

Þann 10. september sl. var Húllum Hæ dagur haldinn fyrir nemendur á unglingastigi í íþróttahúsinu við Jaðarsbakka. Þar kepptu bekkirnir í furðulegum og skemmtilegum íþróttum t.d tannstönglakasti, þrautabraut, blaðaskutli og mörgum öðrum greinum. En svo má ekki gleyma stórleik kennara og nemenda sem slær ávallt í gegn. En úrslitin eru ekkert til að tala um.

Bekkirnir kepptu líka um besta stuðningsliðið og 10.LK hlaut þann titil. Keppnin var hörð og keppnisandinn var beint út sagt gríðarlegur!! En eins og alltaf, þá stendur einn uppi sem sigurvegari og það var 10. LK sem sigraði með yfirburðum. Verðlaunin voru ekki af verri endanum - fríar pylsur og djús fyrir allan bekkinn. Við þökkum Rúnu og Lindu kærlega fyrir að blanda djúsið og setja á pylsumnar.



### Aldur

Þá

*Þegar ég var ungur þá lék ég  
mér allan daginn.*

*Þá meiddi ég mig og fékk koss á  
sárið.*

*Þá borðaði ég með bestu lyst.*

*Þá var skemmtilegt að lifa*

### Nú

*Nú er ég gamall og verð að vera  
inni næstum allan daginn.*

*Nú meiddi ég mig og verð að búa um  
sárið sjálfur.*

*Nú borða ég sérstakan skammt  
af mat.*

*Nú er leiðinlegt að lifa.*

**Siggí og Halldór 7. VH**

### Þoka og öldur

*Þokan færist lengra í burtu  
og þá sér maður mosagrónu fjöllin.  
Vitinn og húsið koma í ljós.*

*Hljóðið í öldunum þegar þær  
brotna*

*fær fólkið í húsinu til að stökkva út  
og hlaupa í sjóinn.*

*Á meðan reyna fjöllin að brjótast  
út úr þokunni.*

## Hæfileikakeppnin 2005

Það var að vanda góð stemning í sal Grundaskóla þegar hæfileika- og Hátónsbarkakeppnin fór fram í febrúar 2005. Keppnin hefur vanalega verið haldin á haustin en vegna verkfallsins seinkaði henni heldur mikið. Keppnin var stórkostleg og vel heppnuð og eftir hana var síðan ball fyrir nemendur unglingadeilda grunnskólanna.

Rakel Páldóttir sem vann Hátónsbarkann síðast opnaði keppnina á því að syngja lagið „That's the way it is“ með Celine Dion. Þar á eftir stigu á svið 6 hátónsbarkar úr báðum skólum og heilluðu áhorfendur með fallegum söng og viðeigandi sviðsframkomu. Sigurvegarinn var samt bara einn, Regina Vignisdóttir úr 10. bekk Brekkubæjarskóla. Besta hljómsveitin að þessu sinni var Syna, sem samanstendur af nokkrum strákum úr 10. bekk Brekkubæjarskóla. Þeir voru með frumsamið lag. Hljómsveitin Ypsilon vakti einnig mikla athygli með lagið Sweet Child o mine eftir Guns n'Roses.

Atriðin í hæfileikakeppninni voru mjög fjölbreytt, en þar mátti sjá spilað á hljóðfæri, sungið og dansað, aðallega dansað. Besta atriðið var einmitt dansatriði frá Girl Power, stelpum úr 10. bekk Brekkubæjarskóla. Frumlegasta atriðið var dans og söngatriði frá fríðu föruneyti úr Grundaskóla, en þær kölluðu sig KX-789KBY. Lagið sem þær tóku var „Ég elska menn“ betur þekkt sem „It's raining man“ og dansinn var frumsaminn.

**Aníta Lís**



Hrönn Ríkhardsdóttir, aðstoðarskólalastjóri:

# Skólastarf Grunda- skóla 2004 - 2005

**G**rundaskóli var settur fimmtudaginn 26. ágúst 2004. Nemendur voru við skólabyrjun 484 talsins og hafði fjölgað nokkuð frá skólaárinu á undan. Nemendur skiptust í 24 bekkjardeildir í 1. - 10. bekk, 10 bekkjardeildir á yngsta stigi, 6 á miðstigi og 8 á unglíngastigi.

Starfsmenn Grundaskóla eru

samtals 72 í misstórum stöðugildum. Kennarar eru 45 með skólalastjórum og aðrir starfsmenn eru 27. Ásta Egilsdóttir og Hrönn Ríkhardsdóttir komu aftur úr námsleyfum. Í vetur er Ingibjörg Eggertsdóttir í námsleyfi og Margrét Ákadóttir í barneignarleyfi. Bæði kennarar og starfsmenn voru duglegir að stunda endurmenntun og sóttu fjölda námskeiða.



Verkfall grunnskólakennara á haustönn setti mark sitt á skólalastarfið. Verkfall hófst 20. september og stóð með einu hléi til 15. nóvember. Engu að síður hefur skólalastarfið verið öflugt og ber starfsfólki skólans, nemendum og foreldrum þeirra gott vitni. Ekki verður í stuttum pistli sagt frá öllu því sem á dagana drífur í skóla sem Grundaskóla og verður því einungis getið nokkurra atriða.

Hæfileikakeppni grunnskólanna var haldin í febrúar og var glæsileg að vanda. Mjög gaman er að sjá hversu mikinn metnað nemendur leggja í sín atriði og hversu vel þeim er tekið af áhorfendum sem verða fleiri og fleiri eftir því sem árin líða. Fjölmargir foreldrar leggja leið sína í skólann til að fylgjast með keppinni.



## Almenni Ökuskólinn ehf

Almenn ökuréttindi  
Æfingaakstur – Ökuskóli  
Skellinöður - Dráttarvélar  
Mótorhjólapróf -Meirapróf

Vilhjálmur Gíslason, löggiltur ökukennari  
Sigurður Arnar Sigurðsson, löggiltur ökukennari



862-1308  
898-1208

Ekki færri gestir komu í skólann til að sjá árhátíð Grundaskóla. Hún stóð í þrjá daga í lok mars. Fjórar sýningar voru og uppselt á þær allar. Yfirskrift árhátíðar eða þema hennar var F og F en atriðin skyldu heita nöfnum sem hæfust á þessum tveimur bókstöfum. Sem dæmi um atriði nefni ég Fiðrildi og ferlíki sem var leikræn tjáning, söngur og dans hjá 1. bekk. Allir nemendur í 1. - 7. bekk taka þátt í árhátíðinni en nemendur unglingastigs geta verið þátttakendur í gegnum valsvæði eins og lista-smíðju og hæfileikakeppni eða við undirbúning af ýmsum toga.


Nemendur í 7. bekk tóku þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem



gjarnan eru tengdar saman ólíkar námsgreinar og bekkjardeildum blandað saman. Nemendur í 2. bekk hafa unnið Stóru bókina sem

Aðstoðarskólalastjórar úr Reykjavík komu til okkar og kennarar frá Kennaraháskóla Íslands. Danskir nemendur voru í heimsókn hjá 7. bekk í nokkra daga. Nemendur skólans fóru í fararbroddi við mótöku gesta og vakti það undantekningarlaust mikla hrifningu gestanna enda eru nemendur skólans besta vitnisburðurinn um gott og farsælt skólastarf.

Hjóladaurinn var haldinn 21. maí og er það samstarfsverkefni margra aðila í bænum. Þá verður að geta þess að Rauði krossinn gaf nemendum í 3. bekk hjólahjálma og Kiwanis-klúbburinn gaf nemendum 1. bekkjar. Pakka ber fyrir þessar góðu gjafir og hlýhug í garð skólans.



lauk með sameiginlegri loka-keppni beggja grunnskólanna í Vinaminni mánudaginn 18. apríl. Mikil vinna liggur að baki þessari keppni. Oftast hefst undirbúningur að Stóru upplestrarkeppninni á Degi íslenskrar tungu í nóvember en að þessu sinni hófst hún 1. desember. Það er sérlega ánægjulegt að fylgjast með nemendum og sjá hve miklum framförum þeir taka á þeim mánuðum sem þeir geta notað í undirbúning og að allir vilja þeir standa sig vel.

kölluð er, en í hana safna þau upplýsingum um sjálf sig um umhverfi sitt. Snorri Sturluson var viðfangsefni 6. bekkjar, Víkingar í 5. bekk og landafræði glímdu nemendur í 7. bekk við. Ekki má gleyma kvikmyndagerð 8. bekkjanna. Allt eru þetta skemmtileg og gagnleg verkefni sem vekja áhuga. Oftast lýkur verkefnum með svokölluðum skilafundum þar sem nemendur kynna foreldrum og gestum viðfangsefni.

Fjölmargir gestir hafa heimsótt Grundaskóla á þessu ári eins og svo oft áður. Þar má nefna bæjarstjóra flestra sveitarfélaga á landinu en þeir voru á kynningar- og fræðslufundum hér í bænum. Einnig kennara úr Engjaskóla, Laugalækjarskóla og Seljaskóla.

Skal hér látið staðar numið. Margra þátta er ógetið og ofangreind upptalning felur ekki í sér forgangröðun af neinu tagi heldur er fyrst og fremst um að ræða dæmi um þá miklu grósku sem er í skólastarfi Grundaskóla.





# Kvikmyndagerð í 8. bekk

Síðastliðið skólaár var unnið stórt og mikið þróunarverkefni í Grundaskóla þar sem meginviðfangsefnið var samþætting ýmissa námsgreina með mikilli áherslu á tónlist og tölvur. Niðurstaðan var sú að láta nemendur í 8. bekk vinna verkið og afraksturinn varð hin klukkutíma langa bíómynd *Prógram* sem frumsýnd var í Bíóhöllinni á vordögum 2004.

Í framhaldi af þessari vinnu var ákveðið að gera slíkt verkefni að árlegum viðburði í starfi 8. bekkina. Að þessu sinni var ákveðið að fara dálítið aðra leið en síðast og í stað þess að gera eina stóra bíómynd eru nú 3 stuttmyndir að líta dagsins ljós eftir margra vikna vinnu. Eins og síðast byrjaði verkefnið sem íslenskuverkefni þar sem nemendur sömdu smásögur



en þrjár þeirra voru síðan valdar til að leggja grunninn að kvikmynda-handritum.

Bíómyndirnar 3 sem verða frumsýndar þann 6. júní heita *Glæpaverk*, *Á skógarslóðum* og *Dekurrófan*. Um er að ræða talsvert fjölbreytt viðfangsefni allt frá

því að fjalla um óprúttna glæpamenn sem reyna að sölsa undir sig Sementssverksmiðjuna yfir í sögu af spilltri prinsessu sem er hin mesta dekurrofa. Allt efni er samið af nemendum þ.e. áður nefndar smásögur, kvikmynda-handrit og einnig titillög þeirra.

## Árshátíð Grundaskóla

Árshátíð Grundaskóla var haldin 16. og 17. mars og tókst mjög vel. Tvær sýningar voru hvorn dag fyrir fullu húsi. Að venju voru atriðin fjölbreytt og glæsileg sem mikil vinna hafði verið lögð í og stóðu krakkarnir sig frábærlega.







### 1. ÁE

Aftari röð talið frá vinstri: Sara Katrín Benedíktsdóttir, Una Lilja Jónsdóttir, Hulda Steinunn Óladóttir, Sindri Þór Harðarson, Astríður Glódis Gísladóttir, Ólöf Alda Þorsteinsdóttir, Ásgrímur Óskar Jóhannesson, Linda María Rögnvaldsdóttir, Asta Egilsdóttir. Fremri röð: Jón Helgi Sævarsson, Ríkhartur Árnason, Stefán Teitur Þórðarson, Rakel Ýr Guðlaugsdóttir, Sólveig Lilja Gunnarsdóttir, Gylfi Brynjar Stefánsson, Jónís Hálfhánsdóttir. (Á myndina vantar Axel Fannar Elvarsson og Guðmund Sigurbjörnsson.)

### 1. EBD

Efri röð talið frá vinstri: Sveinn Þór Þorvaldsson, Erlendur Rúnar Reynisson, Árni Teitur Lindal Þrastarson, Marteinn Darri Hjaltason. Miðröð: Adalsteinn Maron Árnason, Júlía Björk Gunnarsdóttir, Hildur Ýr Eiríksdóttir, Elín Björk Davíðsdóttir, Aldís Lind Benedíktsdóttir, Stefán Kaprasius Garðarsson, Alexander Örn Káráson. Fremsta röð: Sunna Rós Sigmundsdóttir, Ásthildur Jóna Haraldsdóttir, Alda Karen Jónsdóttir, Magðalena Lára Sigurðardóttir, Halldór Karvel Bjarnason, Karen Þóll Jensdóttir og Viktor Erlingsson.



### 1. ES

Efri röð talið frá vinstri: Alex Guðni Sigurðsson, Hilmar Örn Jónsson, Haflíði Már Höskuldsson, Svanhildur Skarphéðinsdóttir, Anna Chukunonso Eze, Yrsa Katrín Karlsdóttir, Ingibjörg Elín Jónsdóttir, Júlía Gunnlaugsdóttir. Nedri röð: Erna Sigurðardóttir, Marínó Hranar Hjaltason, Elisabet Ósk Einarsdóttir, Ásþór Ísak Jökulsson, Leó Snær Guðmundsson, Daniel Andri Valdimarsson, Ísak Þórhallsson, Viktor Pálmason, Birna Sjöfn Pétursdóttir. (Á myndina vantar Berglindi Björk Gunnarsdóttir.)



## 2. HKA

Aftasta röð talið frá vinstri: Þórður Arnar Jósefsson, Aníta Franklinsdóttir, Aron Þorbjörnsson, Hafþór Pétursson, Kristinn Rafn Sveinsson, Dóra Marín Karvelsdóttir, Hugrún Ragna Pálmadóttir, Heiður Asgeirsdóttir. Miðröð: Marín Rós Eyjólfsdóttir, Elísa Pétursdóttir, Bryndís Rún Þórólfsdóttir, Snær Halldórsson. Fremsta röð: Mikael Máni Steinarsson, Árni Þór Arnason, Almar Knörr Hjaltason, Helgi Jónsson, Sigríður Ylfa Arnarsdóttir, Hildur Karen Aðalsteinsdóttir. (Á myndina vantar Margræti Brandsdóttur)



## 2. SRR

Aftasta röð talið frá vinstri: Bjarki Aron Sigurðsson, Ásgerður Ásgrímsdóttir, Lovísa Ösp Helgadóttir, Friðrik Berg Sigþórsson, Einar Ágúst Hjálmarsson, Enok Orri Arnórsson, Allan Bjarki Jónsson, Sigurbjörg Ragna Ragnarsdóttir. Miðröð: Kristófer Daði Gardarsson, Ágúst Ingi Rossen, Hrafn Darri Guðbjörnsson, Benedikt Rúnar Hermannsson, Elís Rúnar Elísson, Ævar Valur Hjartarson. Fremsta röð: Stefania Berg Steinarsdóttir, Sigurlaug Rún Hjartardóttir, Brynja Rún Björnsdóttir, Hafðís Dóra Gunnarsdóttir, Þórey Petra Bjarnadóttir, Steinþór Brekkmann Steinþórsson.



## 3. ESr

Efsta röð talið frá vinstri: Elísabet Steingrímsdóttir, Ragnheiður Eva Guðmundsdóttir, Anna Jóna Gísladóttir, Breki Harðarson, Axel Bragi Bjarnason, Vílborg Júlía Pétursdóttir, Björn Hreiðar Pálsson, Finnbogi Rúnar Kristjánsson. Miðröð: Guðmundur Darri Sverrisson, Albert Páll Albertsson, Tanja Björk Marteinsdóttir, Jóhanna Ösp Stefánsdóttir, Laufey María Vilhelmsdóttir, Guðmundur Bjarni Björnsson, Stefán Logi Samúelsson, Hrafnhildur Steinunn Sigurbórsdóttir, Hafliði Stefánsson, Aron Tryggvi Þorsteinsson, Ragnar Már Lárusson. Fremsta röð: Auður Gunnlaugsdóttir, Kristbjörg Viðisdóttir, Svava Rún Björgvinsdóttir, Elísabet Hlín Steinþórsdóttir, Brynja Ásta Magnúsdóttir, Brynja Dögg Magnúsdóttir. (Á myndina vantar Mariu Rún Ólafsdóttur.)





# Spilaðu

Þú vinnur fyrir peningunum  
- láttu peningana vinna fyrir þig

Ef þú hefur leggjá samlaunin þín inn á reikning  
í Landsbankanum getur þú vinnð bæði 10.000 kr  
og iPod shuffle!


Dregið vikulega frá 10. júní til 10. ágúst 2005.

Fylltu út umsókn um reikning í Landsbankanum ásamt forráðamanni og þú  
getur spilað með okkur í allt sumat



### 3.HJ

Efsta röð talið frá vinstri: Tryggvi Hrafn Haraldsson, Guðjón Snær Einarsson, Katarínus Björnsson, Helgi Grétar Gunnarsson, Björnfríður Björnsdóttir, Lilja Bjarklind Gardarsdóttir, Hörður Þór Hardarson, Arnþór Snær Hjaltason, Hrönn Jónsdóttir. Miðröð: Auðunn Andri Ólafsson, Elmar Gísli Gíslason, Tryggvi Björn Guðbjörnsson, Daniel Þór Heimisson, Sigurrós Elddís Gísladóttir, Kristín Ósk Björnsdóttir, Kristján Þór Jónsson. Fremsta röð: Aldís Ylfa Heimisdóttir, Ástrós Ólafsdóttir, Aldís Rós Hrólfsdóttir, Ester Lind Theódórsdóttir, Sara Ýr Jónsdóttir, Guðný Björk Proppé. (Á myndina vantar Albert Ægisson)



### 4. ÁHF

Efsta röð talið frá vinstri: Gabriel Örn Kjartansson, Símon Pengill Jóhannsson, Sívía Björk Jónsdóttir, Hafdís Mist Bergsteinsdóttir, Rut Hrafn Elvarsdóttir, Hrefna Björg Gylfadóttir, Hafdís Dögg Rúnarsdóttir. Miðröð: Arnar Arnason, Karen Sól Sævarsdóttir, Kolbrún Ósk Kolbeinsdóttir, Guðlaugur Þór Brandsson, Þórður Þorsteinn Þórðarson, Magnús Heiðar Gunnarsson. Fremsta röð: Árný Hulda Fríðriksdóttir, Arnaldur Ægir Guðlaugsson, Þórður Páll Fjalarrson, Kristinn Gauti Gunnarsson, Fannar Geir Sigurgeirsson, Sverrir Mar Smárason.

### 4. KDM

Efsta röð talið frá vinstri: Krístrún Dögg Marteinsdóttir, Freyja Kristjana Bjarkadóttir, Birna Björk Hölludóttir, Sigursteinn Atli Ólafsson, Stefán Már Guðmundsson, Pálmi Reynisson, Þorvaldur Arnar Guðmundsson. Miðröð: Arnar Freyr Sigurðsson, Konráð Freyr Sigurðsson, Ágúst Helgi Baldursson, Sívía Sif Ólafsdóttir, Gréta Stefánsdóttir, Eyrún Eidsdóttir. Fremsta röð: Ingibjörg Helga Rögnvaldsdóttir, Una Rakel Haflíðadóttir, Salome Jónsdóttir, Ingileif Egilsdóttir, Sævar Berg Sigurðsson.







#### 4. SÓ

Efsta röð talið frá vinstri: Jónas Heiðarr Guðnason, Helgi Sigurðsson, Ída Logadóttir, Unnur Inga Karlsdóttir, Svavar Kristján Kristjánsson, Alexandra Ýr Stefánsdóttir, Arnar Steinn Ólafsson. Miðröð: Sigríður G. Ólafsdóttir, Hannes Marvin Óðinsson, Lovisa Hrund Svavarsdóttir, Júlía Björk Jóhannsdóttir, Julíus Adam Helguson. Fremsta röð: Marínó Hilmar Ásgeirsson, Krístrún Haraldsdóttir, Elva Björk Magnúsdóttir, Hrönn Óskarsdóttir, Heiðrún Ósk Magnúsdóttir, Adda Malín Vilhjámsdóttir.

#### 5. BP

Aftasta röð talið frá vinstri: Birgir Viktor Hannesson, Björn Þór Björnsson, Snorri Kristleifsson, Guðlaug María Jónsdóttir, Ingimundur Haraldur Magnússon, Sóley Hálfánardóttir, Særós Gunnlaugsdóttir, Alexandra Dóra Arndísardóttir, Berglind Þráinsdóttir. Miðröð: Andri Freyr Gunnarsson, Hafðís Lilja Hafsteinsdóttir, Hafsteinn Einar Agústsson, Alexander Freyr Jenson, Elin Birna Jóhannsdóttir, Elsa María Guðlaugsdóttir, Særós Ýr Þráinsdóttir. Fremsta röð: Sigurður Böðvarsson, Hafþór Daði Halldórsson, Jónas Kári Eiríksson, Eva Ösp Sæmundsdóttir, Dagbjört Inga Grétarsdóttir, Jóhann Hergils Steinþórsson, Piotr Mochola. (Á myndina vantar Agnesu Andreudóttur og Matthías Ásgeirsson)



#### 5. MRJ

Aftasta röð talið frá vinstri: Guðjón Dagur Hjartarson, Unnur Ýr Haraldsdóttir, Steinunn Traustadóttir, Ingveldur María Hjartardóttir, Karl Svanhólm Þórisson, Trausti Guðmundarson, Aldís Ýr Rossen. Miðröð: Snorri Már Lárusson, Sólveig Rún Samúelsdóttir, Vera Kristín Jónasdóttir, Hekla Haraldsdóttir, Elísa Svála Elvarsdóttir, Maren Leósdóttir, Stefania Sól Sveinbjörnsdóttir, Margrét Rós Jósefsdóttir. Fremsta röð: Ragnar Þór Gunnarsson, Alexandra Hlíf Jóelsdóttir, Atli Albertsson, Marvín Þrastarson, Síndri Snæfells Kristinsson, Ómar Logi Þorbjörnsson, Guðrún Ýr Bjarnadóttir, María Rós Björnsdóttir. (Á myndina vantar Heiðrúnu Önnu Sigurðardóttur.)





## 6. GA

Efsta röð talið frá vinstri: Tóbiás Sóleyjarson, Jón Pétur Vilhelmsson, Hafþór Freyr Hjálmsón, Arnór Freyr Símonarson, Eyþór Örn Gunnarsson, Anton Örn Rúnarsson, Einar Þór Gunnarsson, Daniel Magnússon, Kristófer Már Maronsson, Gardar Axelsson. Miðröð: Halldór Bjarki Ólafsson, Arnór Kristinn Hjálmarsson, Oddur Andrés Guðsteinsson, Guðlaug Marín Gunnarsdóttir, Eyðis Summa Ægisdóttir. Fremsta röð: Hulda Margrét Brynjarsdóttir, Sigríður Edda Valdimarsdóttir, Petrea Hjartardóttir, Elísa Valdis Einarasdóttir, Valdis Rut Jónsdóttir, Ósk Hjartardóttir, Linda Hrönn Óðinsdóttir, Lilja Rut Bjarnadóttir, Dagnar Elsa Jónasdóttir. (Á myndina vantar Ragnheiði Ástu Brynjólfsdóttir.)



## 6. GB

Aftasta röð talið frá vinstri: Hallbera Rún Þórðardóttir, Arnþrúður Heiðrún Jóhannsdóttir, Berglind Hrönn Einarasdóttir, Ina Sigrún Rúnarsdóttir, Sigríður Lóa Björnsdóttir, Kristín Björk Lárusdóttir, Heiður Heimisdóttir, Sigrún Eva Ármannsdóttir, Emelía Halldórsdóttir, Inga Elín Cryer, Harpa Hólm Heimisdóttir, Gunnhildur Björnsdóttir. Miðröð: Birkir Hrafn Vilhjálmsson, Teitur Pétursson, Alexander Egill Guðmundsson, Olgeir Sölvi Karvelsson, Dagur Freyr Hermannsson, Birta Stefánsdóttir, Krístrún Skúladóttir. Fremsta röð: Linda Ýr Stefánsdóttir, Pálmi Gunnlaugsson, Benedikt Valur Árnason, Katla Rún Baldursdóttir, Helga Björg Prastardóttir, Hafðis Ingimarsdóttir, Valgerður Björk Marteinsdóttir, Hafþór Ingi Pálsson.

## 7. SG

Efsta röð talið frá vinstri: Alex Kári Kristjánsson, Bjarki Þór Jóhannsson, Ingibjörn Sölvason. Næst aftasta röð: Viðar Birkir Viðarsson, Andri Guðavsson, Engilbert Svavarsson, Kristján Þórir Sigurgeirsson, Telma Björk Helgadóttir, Adalheiður Rósa Harðardóttir, Kristjana Bjarnadóttir, Amanda Ösp Kolbeinsdóttir. Næst fremsta röð: Vilmundur Hlífur Böðvarsson, Erla Karitas Pétursdóttir, Karen Ósk Guðlaugsdóttir, Steinunn Guðmundsdóttir. Fremsta röð: Hilmar Þór Símonarson, Moeiður Lárusdóttir, Sóley Bára Bergsteinsdóttir, Bryndís Mattíasdóttir, Sædis Eva Óðinsdóttir, Unnur Rebekka Þránsdóttir, Alda Björk Einarasdóttir, Hallur Flosason. (Á myndina vantar Allan Frey Vilhjálmsson, Ástu Gunnarsdóttur, Björn Markús Lúðvíksson.)







### 7.VH

Efsta röð talið frá vinstri: Jóhann Úlfar Thoroddsen, Tómas Árnason, Arnór Haukur Hjartarson, Matthías Sóleyjarsón, Rúnar Freyr Ágústsson, Halldór Reynisson, Jón Þór Hallgrímsson, Margrét Helga Guðmundsdóttir, Dagný Björk Egilsdóttir, Arný Lára Sigurðardóttir og Vilborg Helgadóttir. Miðröð: Bjarki Tómasson, Guðjón Freyr Eiddsson, Arnar Þór Ólafsson, Nökkvi Rúnarsson, Árni Steinar Guðnason, Arnór Ingi Jónasson, Guðrún P. Sturlaugsdóttir og Hrafn Traustason. Neðsta röð: Sigurður Trausti Karvelsson, Eiríkur B. Henn, Birkir Olgeir Bjarkason, Vigdís Ólafsdóttir, Svava Björk Hölludóttir og Inga Guðrún Gísladóttir. (Á myndina vantar Röbert Sigurjónsson og Kristínu Ingu Karlsdóttur)

### 8. EPS

Aftasta röð frá vinstri: Viktor Gabriel Friðriksson, Marinó Rafn Guðmundsson, Viktor Ýmir Eliasson, Ragnar Leósson, Árni Snær Ólafsson, Leifur Viktor Guðmundsson, Heiður Dögg Reynisdóttir. Miðröð: Gígja Gylfadóttir, Helena Másdóttir, Kristinn Ágúst Þórsson, Laufey Guðnadóttir, Svanberg Björnsson, Elís Þór Sigurðsson. Fremsta röð: Bjarki Berg Guðmundsson, Breki Berg Guðmundsson, Kristín Ósk Karlsdóttir, Svandís Erla Ólafsdóttir, Eydís Frimannsdóttir, Helga María Hafsteinsdóttir. (Á myndina vantar Ingibjörgu Huld Gísladóttur.)




### 8. LJ

Aftasta röð talið frá vinstri: Leó Jóhannesson, Ástþór Guðmundsson, Harpa Lind Gylfadóttir, Daisy Heimisdóttir, Gunnar Þór Þorsteinsson, Ágúst Heimisson, Fjalar Þór Rúnarsson, Jón Andri Björnsson. Miðröð: Rúnar Bergmann Gunnlaugsson og Bjarki Valur Viðarsson (sitjandi), Eygló Smáradóttir, Sigríður Mist Hjartardóttir, Diana Bergsdóttir, Jóhann Örn Jónbjörnsson, Sonja Bjarnadóttir. Fremsta röð: Sigurður Hrafn Smárasón, Agnes Ásgeirsdóttir, Gunnþórunn Valsdóttir, Steinþór Böðvarsson, Hafþór Inghórssón, Ingvær Þórisson, Hildigunnur S. Adalsteinsdóttir.



## 8. SKr

Aftasta röð talið frá vinstri: Sigurveig Kristjánsdóttir, Rúnar Árnason, Ástþór Helgi Hjálmarsson, Kristinn Hlíðar Grétarsson, Júlía Björk Elfarsdóttir, Gyða Björk Bergþórsdóttir. Miðröð: Ármann Steinar Gunnarsson, Hafþór Ingi Garðarsson, Björgvin Andri Garðarsson, Orri Jónsson, Alexandra Berg, Rakel Gunnlaugsdóttir. Fremsta röð: Guðbergur Jens Haraldsson, Þorsteinn Jónsson, Einar Logi Einarsson, Líf Lárusdóttir, Eyja Þóra Guðjónsdóttir. (Á myndina vantar Auði Dögg Eyjólfsson og Kristínu Ragnarsdóttur.)




## 9. EV

Aftasta röð talið frá vinstri: Einar Viðarsson, Jóhann Skúli Björnsson, Ragnar Þór Gunnarsson, Andri Geir Alexandersson, Kári Víkingur Sturlaugsson, Trausti Sigurbjörnsson, Sindri Albertsson. Miðröð: Andrés Már Harðarson, Guðjón Þór Ólafsson, Aron Ýmir Pétursson, Leó Daðason, Guðmundur Dagur Jóhannsson. Fremsta röð: Emil Kristmann Sævarsson, Adalsteinn Sigurgeirsson, Ólafur Dór Baldursson, Ögmundur Sveinsson, Ívar Haukur Sævarsson. (Á myndina vantar Unnar Örn Jóhannsson.)

## 9. SJ

Efsta röð talið frá vinstri: Björn Árnason, Jón Birkir Bergþórsson, Bjarki Sigmundsson, Jóhann Ólafur Benjaminsson og Sigurjón Jónsson. Miðröð: Reynir Ver Jónsson, Eyþór Björgvinsson, Sölvi Már Sigurjónsson, Einar Karl Einarsson, Hildur Jónsdóttir, Karín Hera Árnadóttir og Maren Helga Guðmundsdóttir. Fremsta röð: Kristín Edda Egilsdóttir, Ólafur Helgi Halldórsson, Harpa Jónsdóttir, Auður Elísa Harðardóttir, Guðrún Drífa Halldórsdóttir og Diana Georgsdóttir. (Á myndina vantar Sunnu Lind Ægisdóttur)





### 9. UÁ

Aftasta röð talið frá vinstri: Arnþór Ingi Kristinsson, Björn Jónsson, Andri Már Jóhannsson, Bjartmar Már Björnsson, Teitur Símon Óskarsson, Trausti Geir Jónsson, Atli Harðarson. Miðröð: Heiður Haraldsdóttir, Finnur Kleifar Björgvinsson, Þorleifur Þorbjörnsson, Lára Jóhanna Magnúsdóttir, Guðjón Helgi Guðmundsson. Fremsta röð: Ragna Lóa Sigmarsdóttir, Inga Þóra Lárusdóttir, Sunna Dís Jensdóttir, Hulda Halldórsdóttir, Helga María Skúladóttir, Regína Hallgrímsdóttir og Ursúla Ragna Asgrímsdóttir. (Á myndina vantar Huldu Mariu Ásgeirsdóttur, Jón Má Brynjólfsson og Regínu Ösp Ásgeirsdóttur.)

### 10. LK

Efsta röð talið frá vinstri: Andri Már Marteinsson, Tómas Ævar Ólafsson, Freyja Þóll Smáradóttir, Arnar Jónsson, Ylfa Flosadóttir, Þórdur Björnsson, Stefán Valentinsson, Ólöf Vala Schram og Petra Rán Jóhannesdóttir. Miðröð: Lisbet Sigurðardóttir, Asgerður Hlynisdóttir, Magnús Ingimarsson, Laufey Karlsdóttir og Steinþóra Guðrún Þórisdóttir. Fremsta röð: Jóhanna Gísladóttir, Aníta Lisa Svansdóttir, Þórey Hólm Heimisdóttir, Lára Guðrjúður Guðgeirsdóttir, Bára Kristbjörg Rúnarsdóttir, Róbert Þór Henn og Eva Rós Karlsdóttir.



### 10. SR

Aftasta röð talið frá vinstri: Páll Straumberg Guðsteinsson, Ríkka Emilía Böðvardsdóttir, Kristín Sandra Karlsdóttir, Sara Björk Þorsteinsdóttir, Eva Kristín Elfarsdóttir, Eva Björk Pétursdóttir. Miðröð: Hrafnkell Allan Sigurbjörnsson, Marías Þór Skúlason, Vilhjálmur Rúnar Vilhjálmsson, Ísleifur Örn Guðmundsson, Sara Hafbergsdóttir, Kolbrún Júlía Óladóttir, Gréta Björg Björnsdóttir. Fremsta röð: Freyr Karlsson, Sigríður Ragnarsdóttir, Ragnheiður Smáradóttir, Valdís Þóra Jónsdóttir, Thelma Ýr Gylfadóttir.





Mikið úrval  
af góðum  
vörum hjá  
Tölvu-  
þjónustunni



*Tölvubúnað frá:*  
**HEWLETT PACKARD,  
DELL**



*Stafrænar myndavélar  
og vídeovélar frá:*

**HEWLETT PACKARD,  
SONY, CANON,  
OFL.**



**SONY**

**Canon**



*Símabúnað, GSM og  
þráðlaus heimils-  
síma frá:*

**SONY ERICSSON,  
NOKIA, PHILLIPS**



Sony Ericsson

**NOKIA**

**PHILIPS**



Microsoft

*Tölvufylgihlutir,  
netbúnað, hugbúnað  
rekstrarvörur  
og margt fleira*

Umboðsaðilar fyrir

**og**

**vodafone**







**Það er sama hver staðan er, þú getur alltaf hringt kollekt**

Viðskiptavinir Símins geta alltaf hringt kollekt sinn á milli úr GSM í GSM með því að slá fyrst inn \*888\* og síðan númerið sem þeir ætla að hringja í.

Ótrúlega einfelt - og móttökandinn greiðir fyrir samtalið.

Vit hjálпам þér  
á líka þú gætt

**Síminn**

